

Lífið alltaf þess virði að lifa því

Þrátt fyrir breitt bros og djúpa vasa af gríni hefur Auddi ekki átt áfallalausna ævi. Æskuvinur hans svipti sig lífi aðeins 22 ára gamall og segir Auddi mikilvægt að leita sér hjálpar. Ekkert vandamál sé of stórt til að leysa það.
– sjá síðu 10

UPPÁHALDS

HEIMSENDINGAR

Þar sem nánast öll ritstjórn DV er í sóttkví er heimsending okkur hugleikin að þessu sinni. Hér gefur að líta fimm hluti sem þú vissir ekki að þú gætir fengið senda heim.



1 Brakandi ferskt salat

Vaxa býður upp á nýræktað salat, spírur og krydd í heimsendingu. Fólkið skráir sig í áskrift og borgar fast mánaðargjald og fær kassa af góðmeti í hverri viku.



2 Blóm

Hjá Reykjavík Gift Shop er hægt að skrá sig í vikulega eða hálfsmánaðarlega blóma-áskrift og fá veglegan vönd sendan heim. Heimsendingin er frí og 5% afsláttur er af blómunum.



3 Sóttkvíarvesti

Þegar farið er út að hlaupa er hægt að smella sér í sérlegt merkt vesti til að forðast að fólk komi of nálægt. Vestioð fæst hjá heimkaup.is.

4 Ekki bara pizza

Á aha.is er að finna fjölda veitingahúsa sem senda heim. Algengt er að lágmarksgjald sé á pöntun til að sendingin sé ókeypis. Til dæmis er lágmarkið hjá Subway 6.000 kr.

5 Hárlitur

Hagkaup hefur opnað vefverslun sem selur einnig snyrtivörur svo sem hárlit. Ameríska ostakakan þar er líka tryllt. Fínt að taka hana með. Heimkaup sendir einnig hárlit heim.

Sóttkví – ekki bara næs frí

Meginþorri ritstjórnar DV var settur í sóttkví eftir að smit greindist á ritstjórninni í lok síðustu viku. Okkur er engin vorkunn enda margir í sömu stöðu, eða um 800 manns. Staðan er þó lítið sjarmerandi og áttar fólk sig gjarnan ekki á því hversu flókið það getur verið að vera í sóttkví fyrr en símtali við smit-rakningarteymið lýkur og alvarleiki hvers tilviks kemur í ljós.


Fólk með ungbörn þarf til dæmis að huga að því að ekki er hægt að útskýra fyrir barni hvers vegna það megi ekki koma nálægt öðru foreldrinu né geta foreldrarnir báðir sinnt barninu ef annað er í sóttkví en ekki hitt. Því var brugðið á það ráð heima hjá mér að við hjónin og sú yngsta færur þrjú í sóttkví.

Erfiðast fannst mér að senda sex ára gamla dóttur mína að heiman þar sem aðrir á heimilinu voru í sóttkví en við vildum hlífa henni við því.

Tólf daga innilokun fyrir sex ára fullfrískt barn er erfið. Hún hefði þurft að horfa út um gluggann á bestu vinkonu sína í næsta húsi leika sér í garðinum, missa af leikjanámskeiðinu sem beðið hefur verið eftir með eftirvæntingu og afmæli, svo eitt-hvað sé nefnt.

Andlega leggst slík frelsisvipting misvel í fólk. Samviskubít er þá gjarnan fylgifiskur. Heima fyrir er börnunum sinnt minna og sjónvarpið verður of stór hluti af deginum þar sem barist er við að reyna að skila af sér sémilegu vinnuframlagi með barn í fanginu. Grenjandi rigning gerir lítið fyrir daglegan göngutúr til að halda geðheilsunni í lagi og heimaæfingarnar ganga misvel. Súkkulaðið klárast fyrr en ætlað var og það verður að viðurkennast að rauðvínið gerir það líka. Það er þessi tilhneiging til þess að „bæta sér upp“.

Þá hefur reynst gott að minna



MYND/TM

sig á að allt sem skiptir máli er í lagi. Börnin eru heil heilsu.

Hópurinn sem starfar á DV er ólíkur og aðstæður fólks eftir því. Sumir geta einangrað sig með nokkuð einföldum hætti á meðan aðrir þurfa að húka inni í völdu herbergi og lýsa yfir varúð vogi viðkomandi sér yfir þröskuldinn.

Einn ungur starfsmaður DV býr hjá foreldrum sínum og starfar annað foreldrið á spítala. Var þeim aðila meinað að mæta til vinnu vegna möguleika á smiti þó að sonurinn væri innilokaður í herbergi í sinni sóttkví. Það eru engir sénsar teknir – við erum jú öll almannavarnir.

Nema fávitarnir sem troða sér fram fyrir röðina á barnum, panta sér tvöfaldan gin í tónik og drekka svo óvart úr vitlausu glasi. ■

Öl er COVID-böl

SVART HÖFÐI

Svarthöfði er ekki mikið fyrir fjölmenni, hefur aldrei verið það og mun aldrei verða. Samkomutakmarkanir hljómuðu því vel í hans eyrum. Svo vel að hann hætti sér í borg óttans og skellti sér á eina grjótharða knæpu til að svolgra í sig einn svellkaldan með útvöldum félagi. Fullkomið fyrirkomulag – ekki satt? Rangt. Ó, svo rangt.

Á þessari tilteknu knæpu hefði aldrei með góðu móti verið hægt að troða 100 einstaklingum. Hvað þá fleiri. Við barinn voru líklega allir þeir tæplega 100 sem höfðu fengið inni á staðnum. Þarna stóðu þau saman í einni þvögu, hrúga af skruðklæddum vitleysingum, sem trúá því að tveggja

metra reglan gildi bara eftir hentisemi. Ekki svo mikið sem millimetra regla í gangi.

Tónlistin var svo hátt stillt að ekki mátti með góðu móti eiga samræður við næsta mann nema halla sér alveg upp að eyra hans. Það var sama sagan með barþjónana og hölluðu þyrstir kunnarnir sér vel yfir barborðið til að garga í eyrað á barþjóninum með tilheyrandi munnvatnsdreifingu. Barþjóninn var með grímu, hann má eiga það. En þurfti þó að toga hana niður til að svara kunnunum, enda þarf í slíkum hávaða að treysta á varalestur samhliða garginu. Gargaði hann þá á móti og gríman góða þannig tilgangslaus með öllu.

Það kom Svarthöfða því lítið á óvart að lesa daginn eftir um aðfinnslur lögreglunnar við veitingastaði borgarinnar. Meira kom það á óvart þegar

vertar stigu fram einn á eftir öðrum og sóru af sér þessar sakir.

Ölæði Íslendinga í bland við stuttan opnunartíma bara hefur skapað einhvers konar heimsendastemmingu milli 22-23 á kvöldin um helgar. Allir vilja ná einum drykk í viðbót og öllum er sama hvern þeir þurfa að smita til þess. Veitingastaðir geta og ættu að gera betur. Svart-höfði fagnar þeim veitingastöðum sem tóku þá þungu ákvörðun að loka meðan á faraldrinum stendur því þeir treysta sér ekki til að tryggja öryggi kunnanna.

Þeir heilsuhraustu og kokhraustu ætla sér greinilega að taka yfir samfélagið því þeir hafa metið það svo að þeir eigi vel eftir að þola það að fá COVID. Gleymdu ekki þínum minnsta bróður.

Bjórþambarar og miðbæjarrottur þurfa að taka ábyrgð og drekka ekki sóttvarnir sínar í burtu. Og takið vel eftir, það er ekki unga fólk eitt sem sækir miðborgina heim. Það er fólk á öllum aldri og frá öllum öngum samfélagsins. Við berum öll sameiginlega ábyrgð á þessu klösterfokki og megum öll skammast okkar og gera betur. Við skulum ekki drepa hvert annað bara svo við þurfum ekki að hætta að djamma. Mamma þarf ekkert að djamma. Mamma getur bara þambað rauðvínsbelju og spjallað við saumaklúbbinn í gegnum Skype. Svarthöfði var ekki lengi að forða sér úr miðbænum, Svarthöfða, þrátt fyrir að vera annálaður skíthæll, er nefnilega annnt um nággranna sína og kann að forgangsraða þörfum sínum þegar samfélagið þarf á því að halda. ■



MARABON

Úrval afpreyingar fyrir alla í sumar

NÝTT EFNI DAGLEGA

á aðeins **3.990** kr./mán.



KVIKMYNDIR

900+

TITLAR

BARNAEFNI

160+

TITLAR

ÞÁTTARADIR

400+

TITLAR



Eigðu skemmtilegt sumar með Stöð 2 Marabon, heima eða á ferðinni. Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**.

2 MARABON



MEST LESIÐ

Á DV Í VIKUNNI

1 „Ég er á kúpunni, eiginlega bara í mínus“ sagði Rúrik – „Mér líður hræðilega“ Knattspyrnumaðurinn Rúrik Gíslason gerði símaat í útvarpsþætti þar sem hann laug að mági sínum að hann væri blankur.

2 Einar Jónsson látinn – „Hans verður sárt saknað og við munum minnst hans um ókomna tíð“ Fyrirverandi leikmaður og þjálfari Selfoss í knattspyrnu er látinn.

3 Leynileg upptaka Samherja af Helga Seljan verður opinberuð – „Þú mátt ekki segja þeim frá þessu“ Samherji birti í vikunni myndband á YouTube þar sem vegið var að heilindum RÚV og Helga Seljan vegna umfjöllunar um Seðlabankamálið.

4 Ný banvæn veira herjar á Kína Bunya-veiran svonefnda berst nú manna á milli í Kína.

5 Einn virtasti fjölmiðill heims fjallar um íslenska fasteign – Metin á 108 milljónir The New York Times fjallaði um sumarhús við Illagil sem er til sölu á Íslandi.

6 Vikan á Instagram: „RIP sumar 2020“ Vikan á Instagram er fastur líður á mánudögum hjá DV.

7 Hjólar í Kára Stefánsson: „Núna sitjum við uppi með afleiðingarnar af þessum skapsveiflum forstjórans“ Ólafur Haukur almanna-tengill kenndi Kára Stefánssyni um endurkomu kórónaveirunnar.

8 Play ræður inn kanónu úr flugbransanum Sandra Ósk Sigurðardóttir, fyrirverandi vefstjóri WOW air, hefur verið ráðin til flugfélagsins Play.

9 Knattspyrnumaður í vandræðum – Myndband opinberar kynlífspartý Adalberto Penaranda er í vandræðum eftir að myndband af honum í kynlífspartí komst á netið.

10 Sakar leigusala um að henda eigum sínum út úr íbúð á Njálsgötu – „Mér hefur aldrei verið ógnað eins mikið“ Leigusali henti út búslóð leigjenda sinna.

Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...



Tilslakanir á takmörkunum

Svo virðist sem tókum hafi verið náð á hinni svokölluðu seinni bylgju COVID-19 hér á landi. Tilslakanir hafa verið boðaðar á takmörkunum settum í kjölfar þeirra. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir sagði í vikunni að hann myndi frekar vilja hafa fastar takmarkanir sem fyrirtæki og fólk í landinu gætu vanið sig við og aðlagast, en að vera að sveifla á milli tilslakana og takmarkana.

Fótboltinn aftur af stað

Fótboltaunnendur landsins glöddust yfir fréttum af því að fótboltinn yrði aftur leyfður. Samkvæmt nýjum reglum um takmarkanir sem taka gildi á morgun verða snertiþróttir heimilaðar að nýju. Á boltinn að fara að rúlla á ný í dag, föstudag. Enn gildir tveggja metra reglan um áhorfendur og má því búast við að fáir verði á velliðum fyrst um sinn, ef einhverjir.

Órakið hópssmit

DV sagði frá því í vikunni að smitrakningarteymi almannavarna ynni hörðum höndum að því að rekja hópssmit. Að minnsta kosti 32 smit má rekja til sama afbrigðis veirunnar sem líklegt er að hafi komið til landsins frá Austur-Evrópu. Hundruð voru send í sóttkví í vikunni, þar á meðal á fjórða tug starfsmanna Torgs, sem gefur meðal annars út DV.



Helgi Seljan og Samherji

Samherjamálið vaknaði upp af værum blundi í vikunni þegar útgerðarfélagið birti myndskleið á netinu þar sem Helgi Seljan og RÚV voru ásökuð um að ljúga um tilvist skýrslu um sölu karfa á undirverði til erlendra dótturfélaga. Samherji sagði skýrsluna aldrei hafa verið til. Síðar í vikunni kom þó í ljós að skýrslan var vissulega til, í formi Excelskjals þó. Samherji hefur boðað fleiri þætti.



Landsréttur snýr við frávisun héraðsdóms

Landsréttur ógilti úrskurð Héraðsdóms um að vísa frá dómi ákæru vegna alvarlegs kynferðisbrots Gylfa Jóns Gylfasonar sálfræðings gegn unglingi sem var í sálfræðitímum hjá honum. Verður málið því tekið upp að nýju í Héraðsdómi Reykjaness í haust. Brotin áttu sér stað í Holtaskóla í Reykjanessbæ, þar sem drengurinn var sendur til Gylfa í sálfræðimeðferð árið 2014.



Menningarnótt blásin af

Menningarnótt Reykjavíkur var blásin af í vikunni með öllu. Áður hafði verið tilkynnt að Menningarnótt yrði að „Menningarnótt, eftir nótt eftir nótt“, og átti að standa í tíu daga til þess að dreifa álaginu af einum degi og koma í veg fyrir að fleiri en 1.000 kæmu saman á sama stað. Eftir að hámarksfjöldi var færður úr 1.000 niður í 100 og tveggja metra reglan tekin upp að nýju var hátíðin blásin af. Er þetta í fyrsta sinn frá því 1996 sem Menningarnótt fer ekki fram. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði neyðarstjórn borgarinnar einhuga í þeirri ákvörðun.



GÖNGUM INN Í SUMARIÐ



Göngusérkortin með grænu röndinni sýna leiðir sem síminn þinn veit ekki einu sinni um og koma þér örugglega á áfangastað



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Farartæki framtíðarinnar

Enox EM215 rafmagnsvespurnar
eru komnar



enox.
enjoy life

Verð aðeins

199.900 kr.*

Án skráningarkostnaðar*

Vertu með í framtíðinni

Vandaðar umhverfisvænar rafmagnsvespur á einstöku verði.

Enox rafmagnsvespurnar eru framleiddar í einni stærstu verksmiðju fyrir tvíhjóla farartæki í heimi. Þýskt-kínverskt samstarf tryggir hágæða framleiðslu og ótrúlega hagstætt verð. Umhverfisvænt farartæki, engin loftmengun og engin hávaða-mengun. Einstaklega lipur í umferðinni og hámarkshraði er 45 km/klst., drægni á rafhlöðu er allt að 60 km. Graphene rafgeymir tryggir endingu í minnst 1.000 hleðslur. Gerð fyrir hraðhleðslu og hægt að ná 80% hleðslu á 1-2 klst., 100% hleðsla næst á 3-4 tímum. Tveggja ára framleiðsluábyrgð er á öllum Enox rafmagnsvespum.

Fánlegar í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt og á husa.is

ÖRYGGISNET ATVINNULAUSRA ER STÆRSTA VERKEFNIÐ FRAMUNDAN

Þrátt fyrir að samningar hafi náðst við yfirgnæfandi meirihluta stéttarféлага er mikil óvissa í kortunum. Verði ekki gripið í taumana samstundis er stórslys í uppsiglingu.

Heimir
Hannesson
heimir@dv.is



Það hefur ekki verið yfir mörgu að gleðjast í atvinnumálum þjóðarinnar síðustu mánuði. Eftir nokkuð mörg ár af velgengni, metkaupmáttaraukningu og stöðugleika á vinnumarkaði fóru að berast fréttir af dularfullri veiru í Wuhan-héraði Kína.

Fyrst var kínverskum landamærum lokað, svo kórískum, svo japönskum. Ekki leið langur tími þar til allur heimurinn var undir, vitnisburður um smæð heimsins á 21. öld. Á þessum tíma var ferðabransinn hér heima orðinn stærri en sjávarútvegurinn. Í fyrsta sinn áttu fleiri Íslenskar fjölskyldur sitt undir að hingað kæmu ferðamenn en að uppsjávarflotinn myndi loðnu.

Hópuppsagnir fylgdu veirunni. Um 4.000 manns misstu vinnuna í hópuppsögnum um mánaðamótin apríl/maí og þúsund til viðbótar næstu mánaðamót á eftir. Til viðbótar hurfu verkefni hjá þúsundum verktaka, sérstaklega í ferðaþjónustu.

Um svipað leyti fóru aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna ástandsins af stað. Fyrst var hlutabótaleiðin kynnt. Bauðst starfsfólki fyrirtækja þá að fara í skert starfshlutfall hjá fyrirtækjum sínum og skrá sig á hlutabætur hjá Vinnumálastofnun. Meiningin var að hindra „slit á ráðningarsambandi“ starfsfólks og vinnuveitenda. Það virkaði skammt. Þegar ljóst varð að ástandið myndi ekki vara í örfáa mánuði fór ríkið af stað með niðurgreiðslur á greiðslum til starfsfólks á uppsagnarfresti.

Var ríkið þar með farið að niðurgreiða laun starfsfólks hjá einkafyrirtækjum, gegn því að því væri sagt upp. Stangaðist þetta nokkuð bersýnilega á við markmið hlutabótaleiðarinnar og hlaut ríkisstjórnin talsverða gagnrýni frá leiðtogum verkalyðshreyfingarinnar fyrir vikið.

Erfitt að sjá raunmyndina

Hin undarlega staða vinnumarkaðarins, þar sem hlutfallslega fleiri verktakar misstu vinnuna og fengu ekki bætur, og margir sem héldu



Ragnar Þór segir óvissuna óþægilega.

MYND/STEFÁN

„Það verður þá gríðarlega harður vetur. Þetta veltur allt á Lífskjarasamningnum.“

vinnunni fóru á bætur í gegnum hlutabótaleiðina, bjagaði tölfræði Vinnumálastofnunar. „Skakkar“ atvinnuleysisstölur fóru að berast og raunatvinnuleysið birtist almenningi ekki fyrr en seinna. Tölur um raunatvinnuleysi ná yfir þá sem eru sannarlega án vinnu og í virkri atvinnuleit, þar eð, þeir vilja og geta unnið en fá ekki vinnu.

Enn vantar margt fólk inn

í þær tölur. Til dæmis má vænta þess að þeir sem sagt var upp um mánaðamótin apríl/maí hafi ekki komið inn í greiðslukerfi Vinnumálastofnunar fyrr en 1. ágúst. Er þá miðað við þriggja mánaða uppsagnarfrest. Þeim þúsund eða svo sem var svo sagt upp í hópuppsögnum mánaðamótin á eftir, júní/júlí, koma svo inn í „kerfið“ 1. september.

Fastlega má gera ráð fyrir

því að einhver hluti þessa fólks sem sagt var upp í hópuppsögnum fyrr á árinu hafi verið endurráðinn, en ómöglegt er að segja til um það hve stór hluti það var.

240 þúsund krónur á mann duga ekki

Að sögn Ragnars Þórs Ingólfs-sonar, formanns VR, eru stóru verkefni fram undan einmitt atvinnuleysið og atvinnuleys-

isbótakerfið sem og endurskoðun Lífskjarasamningsins. Ragnar segir að kerfið verði að vera í stakk búið til þess að taka á móti einstaklingum og veita þeim viðunandi framfærslu. „Atvinnuleysisbætur í dag eru einfaldlega of lág- ar,“ segir Ragnar, „bæturnar verða að duga fyrir mat og húsnæði, og 240 þúsund krónur á mann dugar einfaldlega ekki.“ Tekjutenging atvinnuleysisbóta er enn fremur allt of stutt, segir Ragnar, og huga verður að framlengingu á úrræðum eins og hlutabótaleiðinni. „Þetta eru hlutir sem við erum að vinna að í dag og næstu daga og vikur,“ segir hann.

Hin hliðin á þessum sama peningi er svo staða kjarasamninga á vinnumarkaði. Heilt yfir er hún nokkuð góð. „VR er með þessa stóru kjarasamninga sína klára, en sérkjarasamningarnir líkt og þeir sem gerðir eru við álverin í Straumsvík og á Grundartanga eru enn lausir. Staðan í Straumsvík er auðvitað grafalvarleg og hvort álverið

þar haldi áfram í lausu lofti," segir Ragnar.

1. september er svo komið að skýrsluskilum forsendunefndar Lífskjarasamnings ASÍ og SA. Nefndinni er ætlað að fara yfir hvort forsendur fyrir samningnum standi. Þrjár meginforsendur eru fyrir því, að sögn Ragnars. Fyrst, að kaupmáttur aukist, að vextir lækki og í þriðja lagi að staðið verði við nokkuð langan lista af lofordum hins opinbera. Ragnar segir að tvö stór atriði í þeim lofordalista hafi verið tímasett og þau séu nú runnin út á tíma. Það er bann við 40 ára verðtryggðum neytendalánnum, og að taka húsnæðisliðinn úr vísitölu neysluverðs.

Ef forsendunefnd kemst að þeirri niðurstöðu að forsendur fyrir samningnum séu brostnar hafa aðilar samningsins einn mánuð, septembermánuð, til þess að laga það sem hægt er að laga eða koma með eitt-hvað nýtt í staðinn. Eða hreinlega að segja upp samningnum, að sögn Ragnars.

„Fer allt í háaloft“ verði Lífskjarasamningnum rift

Aðspurður hvort hann telji líklegt að samningnum verði sagt upp af öðrum hvorum aðilanum segir Ragnar svo ekki vera. Ragnar er ekki að skafa utan af því þegar hann spáir um afleiðingar þess að segja upp Lífskjarasamningnum. „Ef samningurinn heldur ekki, þá spái ég því að það fari allt upp í háaloft. Það verður þá gríðarlega harður vetur. Þetta veltur allt á Lífskjarasamningnum.“

Hann segir jafnframt að það kæmi honum mjög á óvart ef ríkisstjórn sem kennir sig við stöðugleika ætlar að bera ábyrgð á því að vinnumarkaðurinn fari nánast á hliðina með því að leyfa Lífskjarasamningnum að falla. „Það myndi þá stefna í ein alvarlegustu átök á vinnumarkaði frá upphafi, ef ekki næst að halda samningnum gangandi. Það er það langt á milli aðila núna, að ef við þyrftum að fara aftur að samningaborðinu þá verður staðan bara gríðarlega alvarleg.“

Ragnar bendir á að ótti geti breyst í reiði. „Eins og við sáum í kjölfar bankahrunsins 2008, þá tók það smá tíma fyrir óttann í samfélaginu að breytast í reiði,“ sagði hann og benti á að sú atburðarás gæti allt eins endurtekið sig. „Í dag hefur fólk áhyggjur af afkomu sinni vegna ástandsins, en þegar fram í sækir og ef okkur tekst ekki að tryggja fólki lágmarksafkomu sem dugar því og þegar fólk fer að klára sína uppsagnarfresti og detta á strípaðar atvinnuleysisbætur, þá getur stemningin í samfélaginu breyst mjög hratt til hins verra.“

Segir viðbótakröfur líklega lagðar fram

Ragnar segist gera ráð fyrir því að verkalýðshreyfingin muni fara fram með viðbótarkröfur sem koma þá í staðinn fyrir vanefndir hins opinbera

á fyrrnefndum tímasettum lofordum. Mikil ábyrgð sé á herðum verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda að verja þessa samninga.

Í lok síðustu viku sendi Drífa Snædal, formaður ASÍ, frá sér pistil þar sem stiklað var á komandi tímum. Fyrirsögn pistilsins sagði margt: „Í upphafi krefjandi vetrar“. Líkt og hjá Ragnari, var atvinnuleysi og óvissan meginþemað.

Í samtali við blaðamann

DV sagði Drífa það „brýnasta verkefni“ að verja störfin í landinu og afkomu fólks. Fjölga þyrfti störfum hjá hinu opinbera, hækka atvinnuleysisbætur strax og koma í veg fyrir frekari niðurskurð hjá hinu opinbera.

Ljóst er á orðum Drífu nú og áður að verkalýðshreyfingin er uggandi yfir aðgerðum Icelandair og stuðningi Samtaka atvinnulífsins í þeim málum. Vísar Drífa þá til

þess þegar Icelandair sagði upp öllum flugfreyjum sínum og sagðist hafa hafið viðræður við „annað innlent stéttarfélag flugfreyja“ í kjölfar þess að flugfreyjur felldu samning FFÍ við Icelandair.

Óljóst er til hvaða stéttarfélags var vísað, en telja má víst að það hafi verið Íslenska flugstéttarfélagið, sem samdi nýlega við flugfélagið Play. Drífa segir það „ekki í hendi atvinnurekenda að velja og

hafna við hverja þeir semja“ og að „það verður ekki látið viðgangast á íslenskum vinnumarkaði og þó að flugfreyjur hafi gengið frá samningum þá mun þessi „sumargjöf“ elta okkur inn í haustið og lita þau verkefni sem framundan eru.“ ■

Fyrri hluti af tveimur. Seinni hluti greinarinnar birtist í næsta tölublaði DV



Eldhúsinnréttingar

2000 — 2020



Sumaropnun:
Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga LOKAÐ

Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is

LYKILLEIKMENN SAMHERJA

Samherji birti í vikunni myndband sem olli töluverðu fjaðrafoki þar sem fáheyrt er hér á landi að stórfyrirtæki ráðist með álíka hætti að fjölmiðli. En hverjir eru það sem standa að baki Samherja?



MYND/AUÐUNN

ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON

Þorsteinn Már hefur verið forstjóri Samherja síðan árið 1983. Hann steig þó til hliðar í nóvember 2019 í kjölfar umfjöllunar Kveiks og Stundarinnar um starfsemi félagsins í Namibíu. Í mars á þessu ári ákvað stjórn Samherja að Þorsteinn skyldi snúa aftur til starfa og verða forstjóri samstæðunnar við hlið Björgólfs Jóhannssonar sem gegnir forstjórarstarfi sínu áfram þar til annað verður ákveðið. Þorsteinn og fyrrverandi eiginkona hans, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, voru meðal aðaleigenda Samherja þar til þau afsöluðu hlut sínum til barna sinna í maí.

ANNA BRYNDÍS BALDVISSON

Anna Bryndís er yfirlögfræðingur Samherja og kemur oft fyrir í Samherjaskjölunum. Hún sat meðal annars fundi með namibísku þremmingunum James, Tamson Hatukulipi og Sacky Shangala sem sagðir eru hafa þegið mútur frá Samherja til að greiða aðgang að fiskveiðikvóta.

MYND/SAMHERJI



MYND/SAMHERJI



MYND/STEFÁN



ÞORBJÖRN ÞÓRÐARSON

Þorbjörn er lögfræðingur og fyrrverandi fjölmiðlamaður og er meðal þeirra sem Samherji fékk til ráðgjafar í kjölfar uppljóstrana Stundarinnar, Kveiks og Wikileaks um starfsemi fyrirtækisins í Namibíu. Stundin greindi frá því í gær að Þorbjörn hefði komið að gerð myndbandsins umdeilda um Seðlabankamálið. Þorbjörn starfar einnig sem lögmaður og er aðaleigandi LPR lögmannsstofu. Ekki er á tæru með hvaða hætti hann kom að áður nefndu myndbandi eða hvort það hafi verið sem lögmaður eða sökum reynslu hans úr fjölmiðlum. Ekki náðist í Þorbjörn við vinnslu greinarinnar.



SAMHERJABÖRNIN

Börn Þorsteins Má og Kristjáns eru nú stærstu hluthafar í Samherja og hefur gjarnan verið vísað til þeirra sem „Samherjabarnanna“. Þau eru **Katla Þorsteinsdóttir, Baldvin Þorsteinsson, Dagný Linda Kristjánsdóttir, Halldór Örn Kristjánsson, Kristján Bjarni Kristjánsson og Katrín Kristjánsdóttir**. Þau sem mest hafa látið til sín taka í rekstri og starfsemi Samherja eru Baldvin, Kristján og Halldór.

Baldvin er framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Samherja og stjórnarformaður Eimskíps. Baldvin bregður fyrir í Samherjaskjölunum og vakti sérstaka athygli

mynd í skjölunum þar sem hann stillir sér upp með namibískum konum. Baldvin er iðnaðarverkfræðingur og spilaði um árabíl handbolta í efstu deild. Baldvin hefur verið nefndur sem líklegastur til að taka alfarið við af föður sínum þegar hann lætur af störfum.

Kristján Bjarni starfar sem raf-eindavirki hjá Samherja og er tölvunarfræðingur að mennt.

Halldór starfar sem bílstjóri hjá Samherja á Akureyri. Árið 1997 hlaut hann skilorðsbundinn dóm fyrir að stofna lífi og velferð fólks í augljósan háská, stófelld eignaspjöll og fleiri brot.



MYND/PJETUR

JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON

Jón Óttar er doktor í afbrotfræði og fyrrverandi rannsóknarlögreglumaður sem hefur starfað um nokkurt skeið fyrir Samherja. Hann starfaði sem ráðgjafi hjá Samherja á því tímabili sem Samherjaskjölin ná til og var í innsta hring Namibíuveiðanna. Jón Óttar starfaði sem rannsóknarlögreglumaður hjá Sérstökum saksóknara en var rekinn árið 2012 fyrir meint brot á þagnarskyldu. Málið var látið niður falla árið 2013. Hann er einnig glæpasagnahöfundur og hefur skrifað bækurnar Hlustað og Ókyrrð.



MYND/FACEBOOK

KRISTJÁN VILHELMSSON


Kristján var, ásamt Þorsteini Má, einn aðaleigandi Samherja ásamt eiginkonu sinni, Kolbrúnu Ingólfsdóttur, eða allt þar til þau afsöluðu hlut sínum til barna sinna í maí. Hann er útgerðarstjóri fyrirtækisins á Íslandi og er meðal ríkustu einstaklinga landsins. Árið 2013 voru hann og Kolbrún efst á lista Viðskiptablaðsins yfir auðugustu Íslendingana með hreina eign umfram skuldir upp á rúmlega 6,8 milljarða. Hann vakti athygli árið 2017 fyrir að brjóta gegn skattalögum, en hann og Kolbrún vanræktu að telja fram til skatts í fjöldi ára.



MYND/STEFÁN

BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON

Björgólfur er forstjóri Samherja við hlið Þorsteins Má. Björgólfur hefur um árabíl verið áberandi í íslensku viðskiptalífi. Hann var áður stjórnarformaður Íslandsstofu og fyrir það var hann forstjóri Icelandair Group. Hann hefur einnig verið formaður Samtaka atvinnulífsins og í stjórn Festar svo fáein dæmi séu tekin. Hann er samt enginn nýgræðingur hjá Samherja en hann hefur viðtæka reynslu af sjávarútvegi og hefur þar að auki áður starfað fyrir Samherja. Hann hefur verið fjármálastjóri Útgerðarfélag Akureyrar, framkvæmdastjóri hjá Samherja og forstjóri Síldarvinnslunnar sem var að hluta í eigu Samherja.



HEIMSENDING SEM HENTAR ALLTAF VEL

SPARITILBOÐ A

- Stór pizza af matseðli
- 2 lítra gos
- Stór skammtur af brauðstöngum og sósa

4.290 KR.*



SPARITILBOÐ B

- Pizza af matseðli, miðstærð
- 2 lítra gos
- Stór skammtur af brauðstöngum og sósa

3.890 KR.*



PÖNNUTILBOÐ 1

- Pönnupizza af matseðli
- 2 lítra gos
- Stór skammtur af brauðstöngum og sósa

4.290 KR.



* Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauffléttan (vegan) botn.

MATARBOÐ

- Tvær stórar pizzur af matseðli
- Tvö meðlæti að eigin vali
- Tvær sósur að eigin vali
- 2 lítra gos

5.990 KR.*



HÓPATILBOÐ

- 2 stórar pizzur með 2 áleggstegundum
- Stór skammtur af brauðstöngum með sósu
- Gott að eigin vali

4.990 KR.*



+3.000 KR. PÖNTUN

Ef verslað er fyrir 3.000 kr. eða meira er heimsending innifalín í pöntuninni.



Ég vona að ég hætti aldrei að fíflast

Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal varð fertugur fyrir skemmstu og er kominn langt frá ógeðsdrykkjunum sem gerðu hann frægan. Hann hefur lært á sjálfan sig, sefað athyglissýkina og honum fylgir ró og sátt. Þessi eldri og einlægari útgáfa af einum frægasta sjónvarpsmanni landsins sýnir mann sem hefur eflst í starfi og á nóg eftir.

Þorbjörg
Marínósdóttir
tobba@dv.is



Auddi, eins og hann er kallaður, er fæddur á Sauðárkróki en fjölskyldan staldraði þó stutt við og fluttu þau í Breiðholtið þegar Auddi var tveggja ára. Því næst bjuggu þau eitt ár á Selfossi og fóru svo til Bandaríkjanna, þar sem faðir hans stundaði nám, og loks til Svíþjóðar.

Auddi á tvær systur, Maríu Blöndal, sem er fjórum árum eldri en hann, og Dagbjörtu Blöndal, sem er fimm árum yngri. „Við fluttum mikið. Pabbi fór að læra flugvirkjann í Bandaríkjunum og ég held að ég hafi orðið mun betri vinur systra minna því við vorum alltaf saman á ferðalögum. Við spiludum mikið heima og fjölskyldan var mjög samrýnd,“ segir Auddi sem flutti svo aftur á Krókinn ellefu ára gamall þar sem foreldrar hans tóku við rekstri flugvallarins.

„Ég þekkti engan á Króknum þegar við fluttum aftur til baka en það var fljótt að koma. Sauðárkrókur er mikill íþróttabær og ég fór beint í að æfa fótbolta og körfu og eignaðist fljótt vini sem eru enn mínir bestu vinir.“

Auddi þótti efnilegur í íþróttum og á nokkur mörk í fyrstu deild í fótbolta og varð Íslandsmeistari í körfubolta með Tindastól. Í dag heldur hann sig við ræktina og svokallaðan bumbubolta þar sem nokkrir vinir hittast og spila. Auddi er þó í hörkuformi og segist sakna þess að spila af alvöru.

„Það er þessi klefastemming sem maður saknar. Allir að vinna saman að einhverju. Ég

öfunda íþróttafólk af því. Að vinna saman og tapa saman,“ segir Auddi sem hefur löngum gengist við því að vera mjög tapsár og á köflum lasinn þegar það kemur að Manchester United og Tindastól í körfubolta. Húmorinn fyrir slæmu gengi liðanna er í lágmarki sem gerir þó lítið til því hann gerir grín að flestu öðru.

Auddi segist þó komast í annars konar klefastemmingu í starfi sínu í dag. Vissulega sé sigrum fagnað. „Það er mikið gert grín að okkur Steinda því við fögnum öllu sem við gerum. Fyrsta þættinum, síðasta þættinum, besta þættinum, þannig að það er klefastemming í því þó hún sé öðruvísi, minni sviti og minna grátið.“

Leiðinlegt barn

„Ég launaði foreldrum mínum hvað ég var leiðinlegur krakki með því að vera góður unglingur. Ég launaði þeim þessi 15 ár af viðbjóði með því að byrja að drekka seint og vera bara finn unglingur,“ segir Auddi sem var það erfiður að um tíma var haldin hegðunardagbók fyrir hann í grunnskólanum í Breiðholti þar sem hann stundaði nám.

Á Sauðárkróki fann hann sig í íþróttunum og var almennt nokkuð slakur, foreldrum sínum til mikillar gleði. „Við vinirnir byrjuðum ekki að drekka fyrr en kannski um 18 ára. Það var aðallega verið að hugsa um íþróttir þó það hafi verið unglingadrykkja á Sauðárkróki eins og annars staðar.“

Auddi segist hafa verið stoltur sveitalúði alla sína tíð og aldrei upplifað Sauðárkrók sem eitthvert hallærisbæli. „Það var alveg gert grín að mér eftir að ég flutti í bæinn, ég var reglulega minntur á að

ég væri frá Sauðárkróki, en mér finnst það geggjaður bær og mér finnst alltaf frábært að fara út á land.“

Sauðárkrókur hefur vissulega sinn sjarma en það verður að taka það fram að þar búa aðeins um 2.500 manns og það þarf að keyra til Akureyrar til að finna hringtorg, umferðarljós og Bónus. Auddi segir það klárlega vera hluta af sjarmnum frekar en mínus að sínu mati.

Með skottið á milli lappanna

Foreldrar Audda skildu þegar hann var 18 ára. Þrátt fyrir að hafa ekki verið barn segir hann skilnaðinn hafa verið mikið áfall. „Þetta kom bara eins og þruma úr heiðskíru lofti og mér fannst það mjög erfitt.“

Foreldrar hans og systur fluttu í bæinn en Auddi barðist í bökkum við að halda sér á Króknum innan um bestu vinina og stefndi á að klára fjölbrautaskólann. Tilvonandi sjónvarpsstjarnan starfaði á leikskóla með námi til að borga niður verstu fjárfestingu lífs síns eins og hann kallar það – rauðan Hyundai Coupé sem var einhvers konar vandræðaleg útfærsla á kórskum fólksbíl sem vildi svo innilega vera sportbíl.

„Ég keypti bílinn á 100% láni. Þetta var komið í algert vesen. Bílinn var skráður á ömmu greyð sem var alltaf að fá einhverjar rukkanir og ég var alltaf að reyna að græja þetta. Það var eiginlega allt komið í rugl hjá mér. Þá keyrði eldri systir mín bara norður og sótti mig. Pakkaði niður fyrir mig og sagði mér að ég væri að koma suður með henni, hún væri búin að redda mér vinnu. Ég fór því bara í bæinn með skottið á milli lappanna.“

Ég vann frítt í fjóra mánuði til að sanna mig.

Þessi slæma fjárfesting er hluti af ástæðunni fyrir því að Auddi fór aldrei í háskóla enda snerust næstu ár að miklu leyti um það að borga niður bílinn og fór svo að hann endaði með að borga hann upp tvisvar. „Þetta er versta fjárfesting lífs mín og um leið besta; ég lærði svo mikið af þessu.“

En var bíllinn ekkert að gera neitt fyrir hann félagslega? Töffara á nýjum bíl?

„Nei, það var misskilningur. Ég hélt það en það fylgdi þessu enginn status,“ segir Auddi og hlær. „Fólk gerði grín að mér. Ég var ennþá á þessum bíl þegar ég byrjaði í 70 mínútum og Sveppi, sem skammast sín aldrei, vildi lítið láta sjá sig á þessum bíl með mér.“

Sendi þvottinn með flugi

Auðunn er mjög náinn Hafdísí mömmu sinni og viðurkennir að hafa verið latur sem ungur maður sem meðal annars kristallaðist í því að þegar hann bjó fyrir norðan skutlaði hann óhreina þvottinum sínum í flug, sem mamma

hans tók við á flugvellinginum í Reykjavík þar sem hún starfaði. „Mamma sendi hann svo bara hreinan til baka. Þetta var agalegt, ég skammast mín fyrir þetta í dag, ég var bara latur. Ég er mjög góður á þvottavélinni í dag.“

Þegar Auddi flutti í bæinn fór hann að vinna hjá Wurth en þar störfuðu þó nokkrir vinir hans frá Sauðárkróki. „Þegar ég var að fara með einhverjum af vinum mínum í háskólapartí kom ekkert sérstaklega vel út að segjast vinna hjá Wurth, það vissi enginn hvað það var. Ef ég reyndi að útskýra að þar fengjust skráfur og klósettpappír, þá dóu flest samtöl við stelpur, þannig að ég byrjaði bara að ljúga því að ég væri að fara að vinna í 70 mínútum af því að ég var alltaf að horfa á þættina með mömmu og langaði svo að vinna þar. Var alltaf að sækja um en ekkert gerðist.“

Vann frítt í fjóra mánuði

Auddi er hreinskilinn með það að fram að þessu hafði hann verið nokkuð latur. Ekki sýnt



Auddi eignaðist soninn Tedda með sambýliskonu sinni Rakel fyrir 9 mánuðum.

metnað í starfi sínu hjá Wurth eða í skóla. Grínþátturinn 70 mínútur var á þessum tíma vinsælasta sjónvarpsefni landsins, stýrt af tvíeykinu Simma og Jóa, Sigmari Vilhjálmssyni og Jóhannesi Ábjörnssyni. Þarna fann ungi sveitastrákurinn metnað sem kom sterkt fram í þrautseigju hans við að koma sér inn hjá þeim félögum. Hann ætlaði að verða sjónvarpsmaður. Annað kom ekki til greina.

„Simmi Vill ákvað að gefa mér séns. Ég var búinn að suða í honum um að fá að taka eina falda myndavél. Ég hitti hann fyrst á djamminu og var að reyna að selja honum hvort ég mætti koma og reyna fyrir mér. Hann var svo kurteis að hann sagði bara jájá og svo fékk ég númerið hjá honum. Ég mætti bara upp eftir. Hann ákvað að gefa mér séns fyrir rest. Það var fallett af honum,“ segir Auddi en á þessum tíma voru Simmi og Jóa sjálfir orðnir of þekktir til þess að leika í földu myndavélinni sem var vinsælasti liðurinn í þættinum.

„Ég vann frítt í fjóra mánuði við að sanna mig. Ég mætti þrisvar sinnum í viku í Wurth klukkan sex á morgnana og vann til þrjú. Þá fór ég í tókur með 70 mínútum.“

Þarna var enginn skortur á dugnaði, orku og hugmyndum. Auddi segir lykilatriði fyrir þá sem vilja starfa í sjónvarpi að móta sínar eigin hugmyndir og að þrautseigjan skili sér.


„Stundum kemur fólk til mín og spyr hvað það ætti að gera í fjölmiðlum. Það er ekki mitt að segja þér hvað þú átt að gera, heldur átt þú að koma með hugmyndir. Þegar ég var að koma mér að mætti ég með fullt af hugmyndum að földu myndavélinni sem ég var búinn að skrifa niður. Ég mætti ekki bara og sagði: „Má ég vera með?“ Það sem mér finnst samt leiðinlegast er þegar ungt fólk spyr hversu vel þetta sé borgað. Þú getur ekki byrjað á því að hugsa um það. Það þarf að byrja á því að vinna sig upp í að fara á laun og svo í að þetta verði ágætis laun.“

Enginn á Íslandi það frægur

Auddi átti það til að stuða marga. Hann er skapstór, athyglissýkin átti um tíma stærri hluta af honum en honum þykir í dag fallett og hann hefði jafnvel flokkast sem frekja. Það er þó líklega sú frekja sem náði allan hringinn yfir í þrautseigju sem kom Audda á þann stað sem hann er á í dag.

„Þegar ég var að byrja þá dýrkaði ég að fá spurninguna: „Ert þú ekki gaurinn í földu myndavélinni?“ Þetta kom í svona bylgjum. Fyrst fannst mér þetta alveg geggjað og ég vonaðist til að fólk þekkti mig. Svo kom stutt tímabil þar sem mér fannst ég voða spaði en það entist stutt sem betur fer. Almennt er það bara hrós ef fólk vill tala við þig.“

Auddi segir frægð á Íslandi ekki vera hamlandi. „Ég hef



Auðunn Blöndal er einn þekktasti sjónvarpsmaður landsins og hefur starfað í sjónvarpi í 20 ár.

„Mér finnst svo erfið tilhugsunin um að hann hafi ekki fengið hjálp til að halda áfram, það gerir mig svo reiðan og leiðan.“

aldrei skilið það að fólk segist þurfa að versla á nóttunni. Það er bara mesta bull sem ég hef heyrt. Það er enginn það frægur á Íslandi að hann geti ekki gert það sem hann vill.“

En hvað með fjölskylduna? Var mamma þín til í það að þú værir almennt bara á rasshárunum í sjónvarpinu?

„Já, hún hefur alltaf stutt mig. Ég man einu sinni eftir því að hún hafi orðið reið. Þá vorum við Sveppi að keppa og sá sem tapaði þurfti að fara í undirföt af mömmu sinni. Sveppi tapaði en það var styttra heim til mömmu minnar en hans, svo við sóttum nærföt þangað. Svo var ég að horfa á þáttinn með mömmu um kvöldið og mundi að ég hafði gleymt að láta hana vita. Þegar hún sá Sveppa í undirfötunum sínum þá var hún ekki sátt.“

Auddi eignaðist sitt fyrsta barn fyrir níu mánuðum og segir að hann hafi hugleitt það að sonur hans geti seinna meir horft á alla þættina þar sem baukað var við misgáfulega hluti. „Það er margt af þessu efni sem eldist hræðilega því þetta er orðinn svo langur tími. Ég held að flestir tengi við það að fá í magann þegar þeir sjá gamla mynd af sér. Það er helvíti vont þegar allir geta séð það. Ég byrjaði 20 ára í sjónvarpinu og er í raun bara að þroskast þar. Ég var alveg smá stressaður um að Teddi myndi sjá sumt af þessu en ég ræddi það við Sveppa sem á þrjú börn og sú elsta er að verða 17 ára. Hann vill meina að þetta sé núll stress.“

Fær aulahroll

Auddi fer ekki í felur með að sumt í 70 mínútum hafi verið nokkuð gróft og myndi ekki sleppa í gegn í dag. Má nefna vinsæl dæmi eins og þegar Auddi gubbaði í skóinn sinn eftir ógeðsdrykk, Sveppi var látinn húka allsber frammi á gangi í vinnunni og þáttinn Hvernig á ekki að fara með dverg, þar sem þeir sýndu slæma meðferð á vini sínum Frank Høybye.

„Línan færast alltaf með árunum, það er öðruvísi menning. Flestir grínistar eru alltaf að reyna að dansa við línuna. Það er ekki mikið sem ég sé eftir, kannski eitt og eitt at-

riði en það sem eldist líka illa er að ég fæ hroll við að sjá mig tala í þessum gömlu þáttum,“ segir Auddi sem í dag er sjálfstraustið uppmál- að og hefur tekið þátt í fjölda beinna útsendinga, nú síðast sem annar kynnanna í Allir geta dansað.

Nýtt vikulegt hláturskast væntanlegt

Auddi segir að hann fái enn útrás fyrir fiðlaskapinn og það sé helst í Drauma-þáttunum þar sem hann, Sveppi, Steindi og Pétur Jóhann hafa gert alls konar rugl til að skemmta landsmönnum. „Ég vona að ég hætti aldrei að fiflast þó maður geri annað með og sé kannski ekki að gera sömu hluti og í 70 mínútum. Ég vona að það deyi aldrei í mér. Pétur er átta árum eldri en ég og er ennþá að fiflast.“

Hann segir að þó að línan færast með breyttum tíðaranda þá líði grínið ekki fyrir það að ekki megi stuða fólk. „Við erum að skrifa núna nýja seríu sem heitir Eurogardurinn. Ef okkur finnst eitthvað það myndi þá stöndum við með því og ætlunin er aldrei að særa neinn. Þetta snýst um að skapa aðstæður sem eru nógu myndar.“ Auddi skrifar þættina með íslenskum grínhetjum á borð við Önnu Svövu Knútsdóttur, Steinda, Dóra DNA og Arnór Pálma Arnarson leikstjóra. Þættirnir verða sýndir á Stöð 2 í september og ljóst er að þar er hláturveisla í vændum.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég bæði skrifa og leik í þáttum þar sem er söguþráður og ég leik sömu persónuna alla þáttaröðina. Þátturinn fjallar um Badda sem leikinn er af Jóni Gnarr. Hann kaupir Fjölskyldu- og húsdýragarðinn af Reykjavíkurborg og einkavæðir hann. Hann ætlar að gera hann að Disneygarði Íslands. Ég mæti svo sem nýr starfsmaður þarna inn,“ segir Auddi og eftirvæntingin leynir sér ekki.

Ekki endilega fyrir framan myndavélina

Auddi segist í dag vera mun slakari og hann fái sinn skammt af athygli í gegnum vinnuna og þurfi því ekki að sækjast eftir henni eins

og hann gerði á sínum yngri árum þar sem hann var farinn að skemmta heilu partíunum fljótlega eftir að hann kom inn úr dyrunum. Þörfin fyrir að vera í fjölmiðlum sé enn á sínum stað en með breyttu sniði.

„Ég sé ekki fyrir mér að fara að gera eitthvað allt annað. Þetta er það sem ég kann best. Ef ég færi aftur í skóla væri það þá helst tengt leikstjórn. Ég hef áhuga á því, mér finnst gaman að vinna með fólk og þarf ekki lengur að vera endilega sjálfur fyrir framan myndavélina.“

Mikilvægt að ræða vanlíðan

Drátt fyrir breitt bros og djúpa vasa af gríni hefur Auddi ekki átt áfallalaus áævi. Áföll hafa mótað hann og þá sérstaklega fráfall vinar hans Örvars Pálma Pálmasonar sem svipti sig lífi aðeins 22 ára gamall. Þeir vinir höfðu fylgst að í tilraunum sínum með að skemmta fólk á Króknum og var Örvar annálaður fyrir gleði og skildi alla yfirleitt eftir í hláturskasti.

„Þegar ég var busi í fjölbrautaskólanum vorum við að skemmta saman á hátíðum í skólanum, á barnum og á þorablótum. Ég leit alltaf upp til hans. Hann var svo myndinn og skemmtilegur. Hann var þremur árum eldri en ég og mér fannst svo geggjað að hann nennti að hanga með mér. Hann er ennþá bara einn sá myndnasti sem ég hef kynnst á ævinni. Það er ekki hægt að kenna það sem hann hafði. Sveppi minnir mig oft á Örvar. Hann var ótrúlega myndinn.“

Röddin í Audda breytist. Hún verður mýkri og þykkari þegar hann talar um vin sinn. Það er ljóst að það er stutt inn að hjartarótum þegar Örvar berst í tal.

„Þetta er hræðilegt. Þetta er svo miklu algengara en fólk heldur. Þetta er algengt að ungir menn séu að taka sitt eigið líf. Mér finnst svo erfið tilhugsunin um að hann hafi ekki fengið hjálp til að halda áfram, það gerir mig svo reiðan og leiðan. Mér finnst svo leiðinlegt að hann hafi ekki leitað sér hjálpar. Ekkert vandamál er svo stórt að ekki sé hægt að finna út úr því.“

Algengasta dánarorsök

ungra karlmanna á Íslandi er sjálfsvíg en 32 karlmenn sviptu sig lífi árið 2019 og 7 konur. Auddi á sjálfur son og segir tilhugsunina um að menn sjái engan annan valkost en að stytta sér aldur vera hrylling. Hann segir mikilvægt að halda í þá hugsun að lífið sé aldrei það slæmt að maður eigi að láta það frá sér.

„Maður lærir að lifa með þessu en ég myndi höndla þetta allt öðruvísi í dag en þá. Ég bara höndlaði þetta ekki ef ég á að vera hreinskilinn. Bara dílaði ekki við þetta. Í raun ekki fyrr en ég fór norður að skemmta fyrir nokkrum árum og sameiginlegur vinur okkar Örvars lét mig aðeins heyra það, að ég hefði aldrei farið að leiðinu hans. Hann fór með mig þangað og þá bara brotnaði ég niður. Ég var bara búinn að ýta þessu frá mér. Það hentaði mér þá en svo var það miklu betra að horfast í augu við þetta.“ Hann segist sjálfur vera að reyna að tala meira opinskátt um tilfinningar sínar. Það sé flestum til góds.

Með athyglissjúkasta manni landsins

Spurður um hvort hann sé auðveldur í sambúð segist hann líklega ekki vera það en ýmislegt annað vegi upp á móti. „Ég er kannski ekki auðveldur í sambúð en ég er að læra. Ég er hættur að búast alltaf við hrósi ef ég ryksuga heima hjá mér. Ég var eins og smábarn, vildi alltaf klapp á bakið fyrir að taka til heima hjá mér sem er algjört bull. Nú er ég að reyna að læra að elda. Konan mín er frábær kokkur. Ég er fínn að grilla en þarf að læra að elda fyrir son minn eitthvað svona létt. Hakk og paghetti og svona.“

Rakel Dormarsdóttir, sambyliskona og barnsmóðir Audda, er ein af fáum Íslendingum sem eru ekki á samfélagsmiðlum og algerlega laus við þörf fyrir athygli. „Ég lofaði henni því fyrir löngu að vera ekkert að ræða hana í fjölmiðlum. Hún hefur engan áhuga á sviðsljósinu og það kemur alveg fyrir að við erum kannski að stoppa í sjöppu á leiðinni norður og hún vill fara á undan mér inn. Hún nennir ekki að það sé verið að horfa á hana og einhver að spá í því að hún sé kærastan mín. Ég skil það reyndar alveg. Vinir hennar hafa gert mikið grín að henni fyrir að hún vilji enga athygli og sé ekki á samfélagsmiðlum en byrji svo með athyglissjúkasta manni landsins.“

Það verður að sjá fegurðina í því þegar andstæður leita saman og mynda ljáfnvægi. Það er alls óvist hvort það hefði farið vel hefði Auddi til dæmis náð sér í samfélagsmiðlastjórnun. „Já, það væri ekki gott. Ég held að allir í kringum mig gætu ekki verið ánægðari með makavalið,“ segir Auddi, með ungbarn í annarri og ryksuguna í hinn, tilbúinn í næsta kafla lífsins. ■

GÓÐ ÞJÓNU



ER RAFGEYMIRINN DAUÐUR?

NOCO
GENIUS BOOST+
GB40 STARTTÆKI



INTERFLON

ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

**KÍKTU Á KEMI.IS OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ**

STA Í 25 ÁR



ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar



OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi

SVO
ALLT
GANGI
SMURT



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

MEIRI HAGSMUNIR FYRIR MINNI

Mikið mæðir nú á ríkisstjórninni en þeir eru ýmsir sem telja nýja bylgju kórónaveirunnar einkum stafa af alls ótímabærri tilslökun ríkisins á íslensku landamærunum.

Erla Dóra
Magnúsdóttir
erladora@dv.is



Sóttvarnaaðgerðir ríkisstjórnarinnar voru í brennidepli þessa vikuna. Ríkisstjórnin hefur hingað til vísað til þess að ákvarðanirnar séu teknar að tillögum sérfræðinga í sóttvörnum og vakti það því athygli þegar landlæknir, Alma Möller, greindi frá því að það hefði verið að frumkvæði ríkisstjórnarinnar sem slakað var á sóttvörnum við landamæri Íslands. DV tók saman það sem bar hæst í umræðunni í vikunni varðandi aðgerðir ríkisstjórnarinnar við landamæri landsins. Var meiri hagsmunum lýðsins fórnað fyrir minni hagsmuni ferðaþjónustunnar og er raunhæft að loka landamærum Íslands?

Efnahagur eða lýðheilsa

„Við vorum komin á góðan stað, við vorum búin að hreinsa landið að nokkru leyti af veirunni,“ sagði Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, í þættinum Sprengisandi á sunnudag. Kári telur skynsamlegustu leiðina gegn kórónaveirunni vera að loka landamærum Íslands. Margir hafa í vikunni tekið undir með Kára og krefjast þess að stjórnvöld forgangsráði heilsu þjóðarinnar ofar en efnahagslegum ábata af opnum landamærum og ferðaþjónustu.

Ríkisstjórnin hefur tekið til varna í umræðunni og minnt á að landamæri Íslands hafi aldrei verið lokað þó að ferðatakmarkunum hafi verið beitt. Það hafi snemma í faraldrinum komið á daginn að smit frá ferðamönnum væri lítið sem ekkert og það skipti sköpum að koma efnahagslífi Íslands aftur í gang.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra skrifaði grein í Morgunblaðið þar sem hún benti á að ríkissjóður væri ekki sjálfbær í dag og því riði á að koma hjólum hagkerfisins í gang að nýju. „Við vissum að önnur bylgja veirunnar myndi koma og svokölluð opnun landsins (land sem var aldrei lokað) er ekki ástæða þess.“

Þeim rökum hafnar þó Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor: „Það er ekki rétt að það hafi verið nauðsynlegt fyrir efnahagslífið að opna fyrir flæði ferðamanna,“ skrifaði hann í grein sem birtist í Vísbendingu – vikuriti um viðskipti og efnahagsmál, í vikunni. Þar sagði hann stjórnvöld hafa gert mistök með opnun landamæra. Ákvörðunin hafi ekki verið



Pungar ákvarðanir eru fram undan vegna kórónaveirunnar.

MYND/ERNIR

gerð að nægilega athuguðu máli og með henni hafi miklum almannagæðum verið stefnt í hættu. Rök ríkisstjórnarinnar kallaði hann rökleysur og líklega hefði þrýstingur frá ferðaþjónustunni spilað þar veigamikinn þátt.

Óvissan þungbær

Stjórnarandstaðan hefur sömu leiðis gagnrýnt stjórnvöld fyrir að láta undan þrýstingi hagsmunaaðila innan ferðaþjónustunnar og sé það jafnframt ámælisvert að þjóðinni sé haldið mánuðum saman í óvissu um framtíðina. DV hafði samband við Loga Einarsson, formann Samfylkingarinnar, og spurði hvort ríkisstjórnin væri að fórna meiri hagsmunum fyrir minni og jafnframt hvort loka ætti landamærum Íslands.

„Ég ætla ekki að fyllyrða það en það er þó ljóst að ríkisstjórnin byggði ákvörðun sína ekki á nægilega vandadri hagsmunagreiningu og það er gagnrýnivert. Ákvörðunin virðist hafa byggt á takmörkuðum greiningum út frá áhrifum á ferðaþjónustuna. En ný smit, sem kunna að fylgja afléttingu ferðatakmarkana, hafa auðvitað veruleg áhrif á nær alla aðra atvinnustarfsemi í landinu og daglegt líf fólks.“

Logi segir það eðlilegt að fólk sé að velta stöðunni fyrir sér og hver ávinningurinn af afléttingu ferðatakmarkana sé. Eins hafi ríkisstjórnin vitað



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

það fyrir fram að tilslökun á landamærunum gæti hleypt af stað annarri bylgju kórónaveirunnar.

„Raunar gaf skýrsla stýrihóps um afléttingu ferðatakmarkana sjálf nægt tilefni til að horft hefði verið breiðara yfir sviðið en þar segir: „Um leið er mikilvægt að hafa í huga að ef of geyst er farið getur komið dýrkeypt bakslag í baráttuna gegn veirunni hér innan lands og þá er betur heima setið en af stað er farið.““

Varðandi hvort loka eigi landamærunum segir Logi að um erfiða ákvörðun sé að ræða og huga þurfi vel að ólíkum ósamræmanlegum hagsmunum. Megi þar ekki aðeins horfa til hagsmuna ferðaþjónustunnar.

„Sóttvarnalæknir telur öruggast að herða ferðatakmarkanir með þeim hætti að allir sem hingað koma fari í sóttkví og tvær skimanir út frá sóttvarnalegum sjónarmiðum – en hvaða leið sem farin verður er sú ákvörðun afdrifarík og þarf að byggja á heildrænu mati á hagrænum áhrifum, ekki aðeins á einstakar mikilvægar atvinnu-

greinar. Við þurfum að huga sérstaklega að áhrifum á líf fólks; álagi á heilbrigðiskerfið, efnahag heimila, möguleikum aldraðra og sjúkra til að hitta ástvini sína og barna og ungs fólks til að sækja skóla með eðlilegum hætti. Við þurfum að taka ákvörðun út frá þessari heildarmynd.“

Tækifærissinnar

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra skrifar gagnrýni stjórnarandstöðunnar á tækifærismennsku. „Ég furða mig satt best að segja á því ef stjórnámálmenn ætla að notfæra sér faraldurinn og sóttvarnaaðgerðir okkar til pólitískrar tækifærismennsku,“ sagði hún í samtali við Morgunblaðið. Að hennar mati er það tvennt sem skiptir máli í þessari fordæmalausu stöðu. Heilbrigðis- og sóttvarnasjónarmið annars vegar og svo að halda samfélaginu sjálft gangandi. „Hluti af því er að greiða fyrir samgöngum í frjálsu samfélagi.“

Katrín bendir á að sóttvarnalæknir hafi ítrekað sagt að lokun landamæra gæti ekki tryggt að kórónaveiran bærist ekki aftur til landsins. „Þrátt fyrir allar reglur um sóttkví höfum við aldrei tryggingu fyrir því að allir fylgi henni. Þarna eru ótal erfiðar spurningar og þeim verður ekki svarað með hagfræðiúttekt eingöngu.“ Katrín hafnar einnig þeirri gagnrýni

á ríkisstjórnin hafi slakað á takmörkunum við landamærin sökum þrýstings frá ferðaþjónustunni.

Einfalt já

Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, telur augljóst að tilslakanir á landamærunum hafi falið í sér súrskipti. „Spurningunni hvort verið sé að fórna meiri hagsmunum fyrir minni með því að opna landamærin í núverandi ástandi og annarri bylgju faraldursins er auðsvarað með einföldu „já.““ Hefur hann í greinaskrifum í vikunni bent á að leið til að vernda heilsu þjóðarinnar og vernda sömu leiðis efnahaginn sé skýr, og það sé í nýsköpun. Efnahagur þjóðarinnar rísi ekki og falli með ferðaþjónustunni einni. „Nei, það á ekki að lama hér íslenskt efnahagslíf. En stjórnvöld eru að gera nákvæmlega það með því að fara óvarlega í opnun landamæra í þessu ástandi. Þau taka áhættuna á því að allt lamist hér innanlands ef veiran tekur sig upp á ný.“

Ljóst er að fram undan þurfa stjórnvöld að taka erfiðar ákvarðanir sem líklega falla ekki öllum í geð. Seinni bylgja kórónaveirunnar er staðreynd og mun þjóðin að líkindum þurfa að glíma við hana eða afleiðingar hennar þar til bóluefni finnst, hvort sem landinu verði lokað eða ekki. ■



Vinnur gegn Laktósaóþoli

Fæst í næsta apóteki



Williams
& Halls

Heimir
Hannesson
heimir@dv.is



Framboð Demókrataflokksins til forseta liggur nú fyrir í heild sinni eftir að Joe Biden forsetaframbjóðandi valdi Kamala Harris sem varaforsetaframbjóðanda í vikunni. Útnefningar Bidens hafði verið beðið með eftirvæntingu og miklar bollaleggingar farið fram í fjölmiðlum um hver gæti orðið fyrir valinu. Harris var efst á lista flestra spámanna, en árásir Harris á Biden í forkosningunum voru taldar geta kostað hana plássíð.

Kamala Harris er í senn fyrsta svarta konan og fyrsta suður-asíska konan til að hljóta útnefningu stóru flokkanna tveggja í forseta- eða varaforsetaembætti. Val forsetaframbjóðanda á varaforseta sínum er mikilvægt pólitískt útspil í kosningabaráttunni. Miða forsetaframbjóðendur oft að því að „fylla upp í eyður sínar“ þegar þeir velja varaforseta. Þannig reyna þeir til dæmis að skapa jafnvægi á milli stríðandi fylkinga innan flokks síns, eða að bæta upp fyrir sína eigin persónulegu og pólitísku veikleika.

Gjörólíkar leiðir leiddu þau á sama stað

Joe Biden er 77 ára gamall reynslubolti í pólitík og tók sæti í öldungadeild Bandaríkjaþings 1973. Kamala Harris var þá 11 ára stelpa í Kaliforníu og foreldrar hennar nýlega skilin. Móðir Kamala Harris fluttist til Bandaríkjaanna árið 1960 frá Tamil Nadu á Indlandi. Faðir hennar fluttist til Bandaríkjaanna ári síðar frá Jamaíku. Árið 1962 fæddist Kamala í Oakland í Kaliforníu.

Þegar foreldrarin skildu fluttist faðir hennar til Palo Alto þar sem hann kenndi í Stanfordháskóla. Móðir hennar nam innkirtlafræði og starfaði sem lækni með sérhæfingu í brjóstakrabbameini og fór læknisstarfið með hana um víðan völl, meðal annars til Kanada þar sem Kamala stundaði nám.

Fljótt á lítið er það eina sem Biden og Kamala Harris eiga sameiginlegt að vera bæði Demókratar og lögfræðingar. Hún er fædd árið 1964 og uppalin í Kaliforníu á hlýrri vesturströndinni, hlaut blandað uppeldi og gekk til dæmis bæði í hindúamusteri og kirkju. Hann fæddist í Delaware á austurströndinni árið 1942 og var alinn upp á kaþólsku heimili í millistéttarhverfum Wilmingtonborgar.

47 ár í alríkispolitikinni

Joe Biden helli sér beint út í pólitíkina sem ungur maður. Fyrst í bæjarstjórn, svo beint í efri deild Bandaríkjaþings árið 1973. Biden hefur síðan þá lengi daðrað við forsetaembættið. Fyrst árið 1987 þegar hann gaf í fyrsta skipti kost á sér í forvali Demókrata. Til gamans má geta að Harris



Kamala Harris og Joe Biden eru nú vinir að nýju.

MYND/GETTY

PÚSLUSPILIÐ SEM VANTAÐI

Kamala Harris og Joe Biden eiga fátt sameiginlegt, en líklega er það ástæðan fyrir valinu á henni sem varaforsetaefni Bidens. Hún hefur margsannað sig á stórum sviðum, en nú er komið að því stærsta.

var þá að ljúka fyrsta ári sínu í laganámi við Kaliforníuháskóla.

Það eru ekki bara persónueinkennin sem skilja þau að. Þó að þau séu flokkssystkini hefur pólitíkin skilið þau að í einhvern tíma, sér í lagi í stefnumálum sem varða samskipti ólíkra kynþátta í Bandaríkjunum, en það málefni hefur vegið þungt í þjóðfélagssumræðu undanfarið. Kamala hefur látið sig umræðuna varða á meðan Biden hefur haldið sig frá henni.

Það er kannski ein bölvun langs ferils í pólitík að eftir Biden liggur talsvert af ummælum sem hægt er að nota gegn honum. Til að mynda sagði hann um Obama árið 2008 þegar þeir öttu kappi um að verða forsetaframbjóðandi Demókrata: „Ég meina, þú ert með fyrsta svarta manninn sem er vel máli farinn, og skarpur og hreinn og lítur vel út. Ég meina, það er efni í sögu-bækurnar, maður!“ „Hreinn,“ er orð sem heyrst ekki notað oft um öldungadeildarþingmann.

Kostir reynslu og reynsluleysis sameinaðir

Kamala Harris er ætlað að bæta upp fyrir galla Bidens. Harris, ólíkt Biden, er með talsverða reynslu utan Capiitolhæðar Washingtonborgar.

Biden var 31 árs þegar hann hóf feril sinn sem þingmaður. Harris var 53 ára. Á þessum tveimur auka áratugum sem hún hafði utan þingsalanna sankaði hún að sér reynslu sem hefur nýst henni vel síðan hún gerðist þingmaður 2017. Harris var saksóknari í San Francisco í mörg ár áður en hún gerðist dómsmálaráðherra Kaliforníuríkis. Hún var svo kjörin öldungadeildarþingmaður ríkisins 2017. Hann er reynslan uppmáluð, hún ekki. Reynsluleysi í stjórnmálum á tímum mikils vantrausts á „atvinnustjórnmálamenn“ er ekki endilega galli í bandarískri pólitík.

Þó er Harris ekki með öllu reynslulaus. Að vera kosin öldungadeildarþingmaður frá Kaliforníu er ekkert smá afrek. Það er stærsta ríki Bandaríkjaanna og aðeins er kosið um einn þingmann í einu í öldungadeildina. Það þýðir að öldungadeildarkosning í Kaliforníu er þriðja stærsta atkvæðagreiðslan á alríkis sviðinu. Eins má nefna að Kalifornía er með stærsta hagkerfi bandaríks ríkis, og væri ríkið sjálfstætt land væri það fimmta stærsta iðnveldi heims.

Steinvala í skóm atvinnustjórnmálamannanna

Harris tók við embætti sínu

aðeins tveimur vikum áður en Donald Trump hóf sitt kjörtímabil. Frá fyrsta degi hefur hin frjálslynda Kamala Harris verið hindrun í vegi ríkisstjórnar Trumps. Hún barðist hatrammlega gegn banni við komum frá nokkrum múslimaríkjum sem Trump lagði á 2017. Hún barðist gegn staðfestingu Neils Gorsuch í embætti hæstaréttardómara það sama ár og næstu ár á eftir gerði hún hvað sem hún gat til þess að tefja, hindra eða hrinda frá stefnumálum ríkisstjórnar Trumps.

Fyrir á þessu ári, líkt og áður sagði, öttu Harris og Biden kappi í forkosningum Demókrataflokksins. Eins og við var að búast gekk talsvert á og var hart barist. Í allra fyrstu var alls kostar óvíst að Biden myndi hljóta útnefninguna. Í huga margra frjálslyndra kjósenda í forkosningum Demókrataflokksins var réttast að leyfa konu að spreyta sig á ný. Hillary Clinton hafði jú tæknilega „unnið“ 2016, ef lítið er til hreins fjölda atkvæða. Atkvæðadreifingin var bara þannig að Trump hafði sigurinn á fjölda kjósmanna.

Harris réðst nokkuð harkalega á Biden í baráttunni. Í fyrstu kappræðum flokksins skammaði hún Biden til að mynda fyrir að tala af

hrifningu um þingmenn sem börðust gegn réttindabaráttu svartra á 7. áratugnum. Voru þau ummæli talin vinna gegn henni þegar kom að vali á varaforsetaframbjóðanda, en svo reyndist ekki vera.

Yrði elsti forsetinn

Kamala Harris býr að því að eiga stuttan stjórnmálaferil utan Kaliforníu en hafa þó valið sér rétt baráttumál að berjast fyrir og um leið vakið mikla athygli á sér og sínum stefnumálum. Það er þessi andi „pólitíks réttleika“ Harris sem Biden og stjórnendur baráttu hans reyna nú að dreifa yfir sig og eigna sér. Annað atriði er að Biden verður elstur til að vera kosinn forseti, hljóti hann kjör. Hann verður 78 ára gamall og því 82 ára þegar hann klárar fyrsta kjörtímabilið sitt. Ólíklegt er að 82 ára gamall maður bjóði sig fram til endurkjörs, en þó hefur Biden sannað að hann er til alls líklegur.

Biden nýtur mikils forskots í skoðanakönnunum og hafa stjórnmálaskýrendur verið á einu máli um það að til þess að „klára dæmið“ og sigla inn í Hvíta húsið í janúar 2021 þarf Biden aðeins að gera eitt: Ekki klúðra málunum.

Valið á Kamala Harris sem varaforsetaframbjóðanda var liður í þeirri dagskrá. ■

SUMARÚTSALA

4.-22. ágúst

10-25% afsláttur

KÄRCHER

K7 Öflug háprýstidæla

Áður 86.858

78.172
Háprýstidæla



K5 Öflug háprýstidæla

Áður 72.990

67.881
Háprýstidæla



FC 5 Skúringarvél

Áður 36.990

31.442
Skúringarvél



SC 4 Gufuhreinsitæki fyrir heimili

Áður 51.296

43.602
Gufutæki



CR 7 Sjálfvirkt slönguhjól

Áður 35.137

29.866
Slönguhjól



SE 6.100 Djúphreinsivél og ryksuga

Áður 69.930

59.441
Djúphreinsivél



VC 3 Pokalaus ryksuga með Hepa Síu

Áður 24.738

18.590
Ryksuga



VC 5 Snúrulaus, pokalaus ryksuga

Áður 39.990

33.992
Ryksuga



WV 6 Gluggaskafa


15.990
Gluggaskafa



 **RAFVER**

Það allra besta á Netflix

Nú þegar hausta fer og margir dvelja meira innan-dyra er gott að eiga inni ábendingar um góða þætti. DV hafði samband við fjölbreyttan hóp fólks sem deilir hér sínu uppáhaldsefni á Netflix svo flestir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.



DRAMAPÆTTIR



Bloodline

Þetta er nútíma Dallas-fjölskyldudrama. Get ekki hætt að horfa og mér finnst ég alltaf þurfa að sjá einn þátt í viðbót. Frábær leikur, spennu og ástir. Mig minnir að þetta séu þrjár seríur en ég var að klára fyrstu. Ég sé fram á mikla veislu hjá mér.

Anna Svava Knútsdóttir



Good girls

Ég byrjaði nýlega að horfa á þættina Good Girls en það eru komnar þrjár seríur af þeim. Fjalla um þrjár húsmæður sem leiðast út í glæpi af sárri neyð. Dramapættir með kómísku ívafi.

Sóli Hólm

RuPaul's Drag Race

Ég hámglaði RuPaul's Drag Race í öllum sínum útgáfum og er að spá í að taka Afterlife AFTUR því ég elska það svo mikið sem og Grace og Frankie – á sumrin er ég föst í „re-runs“ og kem svo fersk og mett inn í haustið, tilbúin í eitthvert brakandi ferskt sjónvarpsefni.

Sigríður Dögg Arnardóttir



Sunderland 'til I die

Fyrir mann sem hefur nákvæmlega engan áhuga á fótbolta komu þessir þættir mjög skemmtilega á óvart. Fáránlega spennandi og hádramatískir þættir. Þeir veita líka mjög áhugaverða innsýn í breskt samfélag og hvernig það hangir saman við fótbolta. Magnað að sjá tilfinningarnar sem boltasparckallar fram í fólki á öllum aldri.

Guðmundur Pálsson



Love on the Spectrum

Raunveruleikapáttur þar sem fólk er að leita að ástinni. Það er til alveg glás af þannig þáttum en þetta fólk er ekki einhverjir rugludallar eins og oft vill vera heldur miklu fallegri og gáfaðra fólk sem er á einhverfurófi. Alveg yndislegir þættir en það eina leiðinlega er að það er bara ein sería og ég þarf því að bíða eftir annarri.

Anna Svava Knútsdóttir

Akkúrat núna er ég að horfa á Love on the Spectrum sem eru mjög fallegir heimildarþættir um fólk á einhverfurófinu sem er að fóta sig í stefnumótalífinu. Þau eru öll svo yndislega hreinskilin og hjartahrein. Svo finnst mér mjög gott að það sé fjallað um konur og einhverfu sem hefur ekki verið mikið gert eða rannsakað fyrr en í seinni tíð.

Arnór Pálmi Arnarson



SPENNUÞÆTTIR



Borderliners

Nýlega byrjaði ég líka að horfa á þætti sem heita *Borderliners* og eru norskir. Er enn á fyrsta þætti en þeir lofa góðu. Bara ekta löggubáttur um gæja sem snýr aftur í heimabæinn og auðvitað er einhver drepinn um leið og hann mætir á staðinn. Það sem er öllu verra er að hann grunar að bróðir hans hafi átt hlut að máli en sá er einmitt löggá líka. Tobias Santelman er í aðalhlutverki en það er einmitt setasti gæinn úr norskju fjárglæfráttunum *Exit*. Frábær leikari.

Sóli Hólm



Borgen

Ég er að ríffa upp kynnin við Birgitte Nyborg í *Borgen*. Það var allt að detta inn á Netflix. Eðal, danskt pólitískt drama sem ég mæli mikið með.

Arnór Pálmi Arnarson

Svo voru dönsku þættirnir *Borgen* að detta inn á Netflix en þá er ég að horfa á ásamt Viktoríu konunni minni sem þýðir að við horfum á ca. hálfan þátt á viku því í hún sofnar yfirleitt á undan mér þegar við loksins náum að setjast saman niður fyrir framan sjónvarpið eftir að börnin fjögur eru komin í ró. Við stefnum á að vera búin með þá seríu áður en Viktoría verður fertug árið 2027.

Sóli Hólm

Borgen, Broen og Ozark

Ég er í einhverju nostalgúkasti þessa dagana og er að horfa aftur á dönsku þáttaröðina *Borgen* og sænsk/dönsku þáttaröðina *Broen* sem báðar eru aðgengilegar á Netflix. Þetta eru hreint út sagt mínar uppáhaldsþáttaröðir og mér finnst fáir þættir eiga röð í þær. Þó eru aðrir góðir glæpaþættir á Netflix sem ég er ofsalega hrifin af og þeir eru *Ozark*, *Sinner* og *Mindhunter*. Mæli klárlega með öllum seríum í þessum þáttum þótt *Ozark* standi klárlega upp úr að mínu mati. Þeir eru ótrúlega vel skrifaðir, plottaðir, leikstýrðir og framúrskarandi leiknir.

Helga Arnardóttir

HEIMILDARÞÆTTIR



Explained

Góðir heimildarþættir þar sem er farið hratt yfir sögu um alls kyns áhugaverða hluti. Algjör 101 hraðferð um margt sem maður er kannski ekki alltaf að spá í frá degi til dags sýnt í sögulegu ljósi. T.d. af hverju fá konur borgað minna en karlar? Fullnæging kvenna? Getum við lifað að eilífu, o.s.frv.

Úlfur Teitur Traustason



Unabomber

Ég horfi nánast ekkert á sjónvarp en ég hef mjög gaman af heimildarmyndum og -þáttum. Síðasta heimildarþáttaröðin sem ég horfði á var *Unabomber* og næsta sem mig langar að horfa á er *Ted Bundy Tapes*. Svo get ég alveg líka dottið í léttara efni og hef alveg vandræðalega gaman af *RuPaul's Drag Race*.

Manuela Ósk Harðardóttir

Fear City

Ég er heimildarmyndafíkill. Ég elska góðar heimildarmyndir og -þætti. Var að klára *Buisness of Drugs* og *Fear City*. Síðarnefndu þættirnir voru betri.

Sigmar Vilhjálmsson



GRÍNÞÆTTIR

Peep Show

Geggjaddir breskir gamanþættir um tvo vini, mjög ólíka. Eru reyndar bara 8 seríur inni af 9 þannig að ef einhver frá Netflix les þetta, þá vinsamlegast lagið strax!

Hjálmar Örn Jóhannesson

The Last Dance

Frábærlega uppsettir þættir þar sem tekst að gera atburðarás sem margir áhorfendur þekkja fyrirfram en verður ótrúlega spennandi. Mjög góð kvikmyndagerð um áhugaverða karaktera. Góðir þættir fyrir alla, ekki bara þá sem hafa brennandi áhuga á NBA-körfubolta.

Úlfur Teitur Traustason



Norsemen

Já, norskt grín er fyndið. Allar klisjurnar um víkingana eru þarna saxaðar ofan í norskan grínblandara og búinn til drepfyndinn skandinavískur djök-smoothie. Sérstaklega skemmtilegt fyrir okkur Íslendinga sem erum alin upp við sögur af víkingum. Fyndið!

Guðmundur Pálsson

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Magic for humans

Þættir sem ég horfi á með krökkunum mínum. Þetta eru bara svona dæmigerðir hvernig-í-daúd-anum-fór-hann-að-þessu? þættir. Justin Willman er líka fyndinn og sniðugur náungi sem nær til flestra.

Guðmundur Pálsson

The Inbetweeners

Sennilega topp 5 bestu gamanþættir sögunnar, fjalla um vel ringlaða unglunga. Þetta er svokallað „möst see“.

Hjálmar Örn Jóhannesson

Álitsgjafar

Anna Svava Knútsdóttir, leikkona og handritshöfundur
 Arnór Arnarson, leikstjóri
 Guðmundur Pálsson, útvarpsstjarna og söngvari
 Helga Arnardóttir, sjónvarpskona
 Hjálmar Örn Jóhannesson, grínisti
 Manuela Ósk Harðardóttir, áhrifavaldur
 Sigmar Vilhjálmsson, athafnamaður
 Sigríður Dögg Arnardóttir, kynfræðingur
 Sólmundur Hólm, grínisti
 Úlfur Teitur Traustason, klippari



LÖGREGLUKONAN SEM HVARF OG MAÐURINN MEÐ GRÆNU TUNNUNA

Eftirlitsmyndavélar sáu lögreglukonuna fara frá heimili sínu um miðnættið en hún kom aldrei til baka. Lík hennar fannst fjórum dögum síðar við fjölfarinn stað.

SAKAMÁL

Lögreglukonan Catherine Campbell hvarf í kringum 11. september árið 2015. Sagan gerist í héraðinu Nova Scotia í Kanada, en Catherine, sem var 36 ára gömul, var einhleyp og starfaði sem yfirlögreluþjónn í bænum Truro. Sjálf bjó hún í Dartmouth og ók hvern dag til vinnu sinnar. Hún fór þar yfir Murray McKay brúna sem tengir saman Halifax og Dartmouth í Nova Scotia. Þessi brú, eða umhverfi hennar, kemur við sögu síðar.



Catherine var 36 ára þegar hún hvarf.

MYNDIR/KJÁSKOT AF YOUTUBE

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Catherine Campbell hafði frá unga aldri verið hjálpsöm og borið með sér þrá til að þjóna samfélaginu. Þennan áhuga hafði hún frá föður sínum. Hún gekk ung til liðs við lögregluna og vann sig smám saman upp í starf yfirlögreluþjóns.

Catherine átti að mæta á vakt mánudaginn 14. september 2015 og var vinnufélögum hennar brugðið þegar hún lét ekki sjá sig. Hún var afar ólíkleg til að láta ekki vita ef hún kæmist ekki til vinnu. Skömmu eftir þetta var lýst eftir Catherine.

Lögreglumenn fóru heim til hennar en þar voru engin merki um ferðir hennar. Efni úr öryggismyndavélum sýndu hana fara úr íbúðinni um miðnætti aðfaranótt fimmtudagsins 11. september, en myndefnið sýndi hana ekki koma til baka.

Aðeins fjórum dögum síðar, eða 15. september, fannst lík Catherine fyrir neðan brúna milli Halifax og Dartmouth. Því hafði verið komið fyrir undir viðarkassa. Við hliðina var opin sorptunna og efst þar var að finna farsíma, veski og bíllykla hennar.

Handtökuna bar brátt að Aðeins rúmlega klukkustund eftir líkfundinn var maður handtekinn, grunaður um morðið. Um var að ræða öllum sem ók í áttina að

Krufning leiddi í ljós að banamein hennar var kyrking en auk þess var hún með brákað nef og glóðarauga á báðum augum.



Christopher var fyrrverandi sjúkraflutningamaður.

staðnum þar sem líkið var. Þetta var hinn 27 ára gamli Christopher Garnier. Hann var fyrrverandi sjúkraflutningamaður. Í bíl hans fundust ýmsir hlutir, þar á meðal hálfullur bensínbrúsi og segldúk. Christopher var grunaður um að hafa ætlað að fara að líkinu, vefja það í segldúk, aka með það í burtu og brenna það.

En hvers vegna var lögreglan svona fljót að handtaka hinn grunaða? Varla var

hún að stöðva bíla í nágrenninu af handahófi?

Ástæðan var sú að hún hafði verið að fylgjast með Christopher í nokkra daga. Það tengdist rannsókn á ferðum Catherine eftir að hún fór frá heimili sínu á fimmtudagsnóttina. Bæði eftirlitsmyndavélar og vitni gáfu góða mynd af atburðarásinni þessa nótt.

Fljótlega eftir að Catherine fór út úr íbúð sinni settist hún upp í leigubíl sem ók henni á vinsælan skemmtistað í Hali-

fax. Leigubílstjórinn sagði að Catherine hefði ekki verið drukkin og að hún hefði verið í góðu jafnvægi.

Eftirlitsmyndefni og frásagnir annarra gesta vitna um að Catherine gerði sér dælt við Christopher á dansgólfinu. Þau fóru síðan saman burtu af staðnum í leigubíl.

Christopher gisti hjá vini sínum þar sem hann hafði slitið sambandi við kærustu sína fyrir örfáum dögum og flutt út frá henni. Vinurinn var sjálfur úti á djamminu og kom ekki heim fyrr en morguninn eftir.

Maður með græna tunnu

Eftirlitsmyndavélar sýna Christopher koma út úr íbúðinni snemma morguns og ýta á undan sér sorptunnu. Hún virtist þung. Nokkrir vegfarandur sem voru snemma á ferli sáu hann ýta tunnunninni niður götu. Hann var trylltur til augnanna, vitnaði einn bílstjóri um.

Þegar vinur Christophers kom heim sá hann sér til undrunar að Christopher svaf í stofusófanum en ekki rúminu sem hann hafði útvegað honum og að dýnan úr rúminu var horfin. Christopher sagðist hafa orðið veikur og ælt í rúmið. Hann hefði því fleygt dýnunninni en ætlaði að kaupa aðra dýnu í staðinn.

Þess má geta að áður en lögreglan handtók Christopher, fjórum dögum síðar, hafði hann sæst við kærustu sína og flutt inn til hennar aftur. Sú sæla stóð stutt.

Sterk sönnunargögn

Við rannsókn á íbúð vinar Christophers fundust blóðblettir sem pössuðu við lífsýni úr Catherine. Krufning leiddi í ljós að banamein hennar var kyrking en auk þess var hún með brákað nef og glóðarauga á báðum augum.

Við yfirheyrslur bar Christopher fyrir sig minnisleysi, hann hefði drukkið mikið áfengi ofan í þunglyndislyf sem hann tók inn. Eftir níu klukkustunda yfirheyrslu játaði hann þó á sig morðið og skrifaði stutt en iðrunarfullt afsökunarbréf til foreldra Catherine.

Fyrir rétti neitaði Christopher hins vegar sök og sagðist hafa játað hjá lögreglu til að láta þá heyra það sem þeir vildu heyra. Hann og lögfræðingar báru fram þá vörn að Catherine hefði haft frumkvæðið að harkalegu kynlífi sem hefði farið úr böndunum og dauði hennar hefði verið slys. Þá bentu lögfræðingarnir á að Catherine hefði verið lögreglukona og hefði þá átt að hafa burði til að verjast Christopher ef hann hefði ráðist á hana.

Þessi rök þóttu ekki trúverðug og Christopher var fundinn sekur um morð. Hann var dæmdur í ævilangt fangelsi.

Erfitt er að geta sér til um ástæðu fyrir morðinu. Christopher var með hreina sakaskrá og ekki þekktur að ofbeldi. Hegðun hans eftir morðið bar hins vegar vitni um siðblindu, hvernig hann ætlaði að losa sig við líkið með skipulögðum hætti og hvernig hann gat tekið saman við kærustu sína rétt eftir morðið og ætlaði að halda áfram með líf sitt eins og ekkert hefði í skorist. ■

REYKJAVIK
RAINCOATS

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
20-50%
AFSLÁTTUR
Í VERSLUN OKKAR

LAUGAVEGI

62

EKKI MISSA AF
FRÁBÆRUM TILBOÐUM

AÐEINS Í VERSLUN
LAUGAVEGI 62

REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177

Spilað í gegnum COVID

Einangrun og sóttkví þarf ekki að þýða leiðindi og er í reynd fullkomið tækifæri til að verja gæðastundum með sínum nánustu í góðu og skemmtilegu borðspili. DV leitaði til nokkurra valinkunnra Íslendinga eftir ábendingum um gæða borðspil.

FYRIR BYRJENDUR

Byrjendur ættu að prófa skyldueignina *Bohnanza*. Það snýst um að safna baunaspilum í raðir fyrir framan sig og selja síðan uppskeruna á réttum tíma fyrir fúlgur fjár. En þú færð ekki spilin sem þú vilt nema með því að víla og díla við sessunautana. Skrautlegar samningaviðræður og mikil spennan!

– Bryndís

Tsuro. Einfalt og fljótlegt að læra. Fljótlegt að setja upp og tekur stuttan tíma að spila hvert spil. Mjög gott í upphitun á spilakvöldum líka.

– Björn

Carcassonne. Einfaldar reglur, og eitt af bestu tveggja manna spilunum. Fyrstu tvær viðbæturnar bæta svo spilið fyrir 3-4, og áður en þú veist afertu kominn með safn.

– Óskar

Ég myndi mæla með *Splendor*, það er svo finn taktur í því. Það er stutt, lítil uppsetning og það verður bara strategískara eftir því sem þú spilar það meira.


– Svanhildur

Ég myndi mæla með einhverju sem er ekki of langt, ekki of flókið en samt hæfilega nördalegt. *Mysterium* fellur vel inn í alla þessa flokka, en þar reyna leikmenn að ráða morðgátu út frá draumsýnum sem draugur afhendir þeim. *Mysterium* er þannig að mann langar strax að spila það aftur og alla langar að prófa að vera draugurinn. Í þokkabót er það gullfallegt.

– Kristinn Haukur

Catan er held ég best fyrir alla byrjendur, svona eins og matador, nema skemmtilegt. Það er líka eiginlega ekkert direkt konflikt í grunnspilinu, þannig erfitt að fara í fylu eð vera tapsár.

– Sindri



LENGRI SPIL

Eitt af ótalmörgum góðum er *Castles of Mad King Ludwig*. Þar raðar þú niður herbergjum og lystigörðum þar til þú hefur byggt heilan kastala á borðinu fyrir framan þig. En það er hægara sagt en gert þegar konungurinn er frekur og herbergin sem í bosti eru verða sífellt fátánlegri. Skemmtilegt fyrir skapandi spilara sem vilja brjóta heilann.

– Bryndís

Gloomhaven. Stórt spil þar sem þú spilar sömu persónuna í mörgum spilum og það er alltaf ný áskorun í hverju spili.

– Björn

Arkham Horror. Þar ráfa rannsóknarmenn um götur Nýja-Englands á þriðja áratug síðustu aldar og reyna að stemma stigu við þeim ógnum sem gudir á borð við Cthulu, Yog Sothoth og Shub-Niggurath spýja út úr sér. Þetta er vel nördalegt og getur tekið allt kvöldið og langt fram á nótt. Spilið er byggt á hryllingssögum hins stórundarlega snillings H.P. Lovecraft sem er í miklum metum hjá mér.

– Kristinn Haukur

Age of Steam. 3+ tímar af uppboðum, leiðskipulagi og vörusendingum með fjöldanum öllum af kortum í bosti til að spila á.

– Óskar

Ég verð að fá að velja tvö, *Concordia* og *Castles of Burgundy*. Ástæðan fyrir því er að það munar oft svo litlu og maður nær betri tókum á spilinu með hverjum leik. Ef ég tapa verð ég að fá að taka annan leik því ég gæti unnið hann.

– Svanhildur

Twilight Imperium er ávallt langspilakóngurinn, epísk sci-fi styrjöld með pólitísku og viðskiptaívaði. Það verður bara betra og hnitmiðaðra með hverri endurútgáfu, og 4. útgáfan er vel smurð fullkomin.

– Sindri



MYND/GETTY

SAMVINNUSPIL

- “ Samvinnuspil ársins 2020 er án alls vafa geimfaraspilið *The Crew*. Uppskriftin hljómar fáránlega: félagsvist, nema allir eru saman í liði! En útkoman er vægast sagt ávanabindandi. Í bæklingnum eru fimmtíu þrautir sem segja leikmönnum hvort, hvenær, hvernig og í hvaða röð þeir eiga að ná slögum af borðinu, með samvinnuna að vopni. Auðvelt að grípa í, hvort sem þú vilt spila í 10 mínútur eða heila kvöldstund.

– Bryndís Ósk
- “ Ég myndi velja *The Crew*. Þetta er skemmtilegasta samvinnuspil sem ég hef spilað. Maður á að taka slagi, svipað og í kana, nema allir eru að vinna saman.

– Svanhildur
- “ Samvinnuspil eru best ef þau eru erfð. Þess vegna myndi ég hiklaust mæla með *Robinson Crusoe* þar sem leikmenn berjast við náttúruöflin og safna vistum á hardneskjulegri eyðieyju. Kosturinn er líka sá að það er hægt að spila mörg mismunandi ævintýri sem gjörbreyta spilinu í hvert skipti. Samvinnuspil með földum svikara eru líka bráðskemmtileg, til dæmis *Shadows Over Camelot* eða *Battlestar Galactica*.

– Kristinn Haukur
- “ *Pandemic*. Spilarar hjálpast að við að ráða niðurlögum fjögurra heimsfaraldra í einu.

– Björn
- “ Ég er mjög lítið fyrir samvinnuspil, en synir mínir elska *Forbidden Island*. Það er bæði nógu einfalt til þess að þeir nái utan um reglurnar, og heldur þeim spennnum út allt spilið. Það verður vafalaust gaman að spila *Pandemic*-spilin með þeim þegar þeir eldast.

– Óskar
- “ Besta samvinnuspilið er tvímælalaust *Mansions of Madness*, sérstaklega nýjasta útgáfan þar sem snjallsíma-app keyrir spilið fyrir þig. Engin stærðfræði eða bókhald, bara þú og vinir þínir að drepa skrímli og leysa mórðráðgátu.

– Sindri

FYRIR PARTÝIÐ

- “ *Joking Hazard*. Svipað spil og *Cards Against Humanity* og *Kommentakerfið*.

– Björn
- “ Ég spila mjög mjög lítið af partíspilum. Einn þá helst í lok hvers spilakvölds þegar þínu galsi er kominn í hópinn. Þá er gjarnan gripið í *Cards Against Humanity*, sem þykir nú ekki beint fínt hjá borðspilaelítunni en er engu að síður bráðskemmtilegt. Þetta er ansi dónalegt og hálfviðbjóðslegt á köflum og ekki fyrir alla. En í réttum hópi þar sem allt má flakka er þetta gott.

– Kristinn
- “ *Scrawl*. Teikni-hvísluleikur þar sem skipst er á að teikna og skrifa eftir því sem er undir. Því fyndnara því meiri munur er á teikningu þátttakenda.

– Óskar
- “ *Medium* myndi ég segja að væri uppáhalds partíspilið mitt. Maður á að finna sama orð og hinn er að hugsa og það er svo fyndið að reyna að ná því.

– Svanhildur
- “ Uppáhalds partíspilið mitt er *Scrawl*. Það er eins og súrasti hvísluleikur í heimi, með dass af dónaskap. Allir leikmenn fá teikniblokk í hendurnar og spjald með frasa sem er gerður til að misskiljast þegar hann er teiknaður. Spilið þar sem enginn hefur rétt fyrir sér, en allir ganga sáttir frá borði.

– Bryndís
- “ Uppáhalds partíspilið mitt er *Magic labyrinth*. Segul-aspektið reynir skemmtilega á handleiknina, og stuttar 5 stiga umferdir halda hlutum léttum og hröðum.

– Sindri



MYND/INSTAGRAM @SPILAVINIR

UPPÁHALDS SPILIÐ

- “ Uppáhalds spilið mitt breytist á hverjum einasta degi. Því er kannski auðveldara að tala um spilaflokka. Núna hef ég áhuga á spilum sem eru upplifun í kassa. Þar eru fremst í flokki *Unlock!*-serían og *Exit*-serían. Þetta eru þrautaherbergi (e. escape room) sem bjóða upp á nýja og spennandi ráðgátu í hverjum kassa. Hugmyndarík hönnun og snjallar þrautir eru ómótstæðileg blanda fyrir alla spennufikla.

– Bryndís
- “ *Risk 2210 A.D.* Klassískt spil í nýjum búningi. Gríðarlega taktískt spil þar sem spennan helst frá fyrstu mínútu fram á síðustu.

– Björn
- “ *Root*. Geggjadar teikningar í stríðsspili þar sem hvert lið spilast á gjörólíkan hátt í baráttu um yfirráð í skóginum. Einn er að spila skilvirknisspil, annar forritunar-, þriðji með takmarkað magn af pedum og fjórði er í því að leika *Hróa Hött*.

– Óskar
- “ Uppáhalds spilið mitt núna er *The Crew* sem ég nefndi áðan. Ég á aldrei nein uppáhalds spil almennt heldur bara það sem ég er að spila mest hverju sinni og núna er það samvinnuspilið *The Crew*.

– Svanhildur
- “ *Terraforming Mars*. Scenskt spil sem kom út fyrir fjórum árum og hefur rækilega slegið í gegn og ekki að ástæðulausu. Leikmenn stýra fyrirtækjum sem keppa innbyrðis um auð og völd en vinna jafnframt að því saman að gera Mars að byggilegri plánetu. Það er virkilega ávanabindandi að byggja upp „vélina sína“ og sjá hana stækka og dafna. Viðbæturnar eru líka frábærar, hver á sinn hátt, og ég myndi aldrei spila án sumra þeirra.

– Kristinn Haukur
- “ *Star Trek Attack Wing* er kannski uppáhalds spilið mitt, bara út af því að ég er svo mikið *Star Trek*-nörd. Enginn annar leikur eða borðspil hefur látið mér líða jafnmikið eins og ég sé inni í minni eigin *Star Trek* mynd/þætti, og það spil.

– Sindri

Álitsgjafar

DV spurði álitsgjafa um meðmæli með spilum í fimm flokkum og ættu því vonandi flestir að finna eitthvað sem hentar þeirra spilakröfum. Álitsgjafar DV að þessu sinni eru:

- Bryndís Ósk Þ. Ingvarsdóttir** borðspilasérfræðingur *Nexus*
- Björn Leví Gunnarsson** þingmaður
- Kristinn Haukur Guðnason** blaðamaður
- Óskar Árnason** stjórnandi Borðspilaspjallsins
- Sindri Eldon** borðspilaunnandi
- Svanhildur Eva Stefánsdóttir** annar eigenda Spilavina



Eva Laufey hefur í nægu að snúast og stendur einnig vaktina í útvarpsþættinum Bakaríinu á Bylgjunni á laugardögum.

MYND/STÖÐ 2

Sjónvarpsgúmmelaði að hætti eldhúshetjunnar Evu

Sjónvarpskokkurinn Eva Laufey Kjaran ferðaðist um landið á matarbíl í sumar þar sem hún kynntist nýsköpun í matargerð. Afrakstur girnilegra ferða hennar má sjá í nýjum þætti sem fer í loftið í haust. Eva Laufey er líka meistari í partírættum og sjónvarpsnasli og deilir hér skotheldum uppskriftum.

Mexíkópítsa með djúsí ostasósu

Í þessar pítsur notar Eva Laufey sérstaka tortilla-pitsubotna sem kaupa má tilbúna úti í búð og tekur því pítsugerðin örstutta stund.

2 tortilla-pítsakökur
1 dós sýrður rjómi
1 mexíkóostur, rifinn
500–600 g kjúklingakjöt t.d. úrbeinuð kjúklingalæri
2 msk. mexíkósk kryddblanda
1 rauð paprika, smátt skorin
Salt
Nýmalaður pipar



MYND/ADSEND

Tillögur að áleggji: Lárpera, salsa-sósa, sýrður rjómi og smátt saxaður kóríander.

Leggið kjúklingalæri eða annað kjúklingakjöt í eldfast mót og kryddið til með bragðmikilli kryddblandu. Eldið í ofni við 180°C í 20 mínútur (fer auðvitað eftir þykktinni á kjúklingakjötinu).

Á meðan kjúklingurinn er í ofninum blandið þið sýrða rjómanum og nýrifnum Mexíkóosti saman í skál og kryddið til með salti og pipar.

Smyrjið tortillakökur með ostasósunni (ég keypti sérstakar pítsa-tortillur í Hagkaup, þær eru þykkari).

Skerið papriku og kjúklingakjöt í litla

bita og dreifið yfir ostasósuna.

Bakið í ofni við 180°C í ca. 5–7 mínútur. Þegar pítsan er tilbúin er gott að skera niður avókadó, tómata og ferskan kóríander og dreifa yfir. Einnig finnst mér algjört æði að mylja niður nachos-flögur og sáldra yfir. Einföld og stórgóð máltíð sem öllum í fjölskyldunni þykir góð.



MYND/ADSEND

Ritzkexhjúpaður camembert

„Ég elska camembert, ég elska Ritzkex og ég elska góða sultu. Hví ekki að blanda þessu öllu saman í ljúffengan smárétt? Þessi réttur er að mínu mati guðdómlega góður.“

½ pakki Ritzkex
2 egg
100 g ca. hveiti
1 camembert-ostur

Myljið kökurnar í blandara eða matvinnsluvél.

Skerið ostinn í bitastærð.

Veltið hverjum bita fyrst upp úr eggjum og svo upp úr hveiti og loks kexi.

Inn í ofn við 180°C í 6–8 mínútur. (Misjafnt eftir ofnum, fylgist með ostinum, um leið og hann er farinn að bráðna þá er hann tilbúinn.)

Berið fram með góðri sultu.

Verði ykkur að góðu.

VEFSJOPPAN.IS

ERTU AÐ LEITA AÐ ANDLITSGRÍMUM?

LÍTTU VIÐ Á VEF SJOPPAN.IS



KN95 - FFP2

Andlitsmaski
PM 2.5

10 stk. í pakka
Verð **4.990 kr. / pk.**



3ja laga andlitsmaski

50 stk. í pakka
Verð **2.700 kr. / pk.**

Við bjóðum upp á vandaða andlitsmaska, kíktu við á vefsíðu okkar.
- vefsjopp.is -
kannaðu málið!

VEFSJOPPAN

VEFSJOPPAN..IS

Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir fjölskyldumeðferðarfræðingur svarar spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og

ástina í Fjölskylduhorni DV. Að þessu sinni svarar Kristín lesanda sem hefur verið í einangrun með maka sínum vegna COVID.

Sérfræðingur svarar



AÐÞRENGD Í EINANGRUN

Sæl, Kristín. Við hjónin lentum verr í annarri bylgju Covid en þeirri fyrri. Við greindumst með sjúkdóminn og höfum verið í sóttkví og einangrun til skiptis. Maðurinn minn veiktist töluvert en ég fékk vægari flensueinkenni. Við höfum átt farsælt hjónaband þó svo að það hafi margt breyst eftir að krakkarnir fluttu að heiman, þá þurftum við að vinna í því að finna okkar þráð aftur og höfum markvisst reynt það.

Aftur á móti líður okkur báðum eins og undanfarnar vikur hafi alveg farið með okkur. Við fengum engan stuðning frá hvort öðru, vorum að drepa hvort annað úr leiðindum, vorum agaleg fórnarlömb til skiptis og tími sem margir myndu segja að styrktu sambandið myndaði afar djúpa gjá milli okkar. Við erum enn í einangrun en erum búin að ná betri heilsu. Ég er hrædd um að þetta ástand hafi fært okkur á endastöð og ef ég segi það bara eins og er, þá nenni ég ekki að standa í þessu. Hvað gerum við nú?

Fjarlægð og vonleysi

Sæl, kærur hjón. Ég skil eiginlega ekki að ég hafi ekki fengið sambærilega spurningu fyrr. Í Wuhan mynduðust raðir fyrir utan sýslumannsembættin eftir COVID því fólk sótti unnvörpum um skilnað.

Þó svo að of skammt sé liðið frá því faraldurinn byrjaði til þess að rannsóknarniðurstöður liggi fyrir, þá er það vitað mál að COVID hefur haft áhrif á fjölskyldur á marga vegu. Mikil samvera, veikindi, tekjumissir og óvissa er blanda sem hlýtur að kalla á skjálfta í hinum stöðugustu hjónaböndum.

Aftur á móti er það mín reynsla af vinnu með þörum á þessum tíma að annaðhvort hefur ástandið styrkt sambandið eða myndað gjá milli hjóna. Það segir mér að þó þið finnið núna fyrir fjarlægð og vonleysi, þá þýðir það ekki að sambandið sé búið. Kannski er þetta tækifæri til þess að endurskoða tilveru ykkar, vinna í því að styrkja sambandið á ný og leggja nýjar áherslur? Kannski varð þessi



MYND/GETTY

Ég er hrædd um að þetta ástand hafi fært okkur á endastöð.

reynsla til þess að þið eruð eins um hjónabandið. En stóra spurningin er: Hvað ætlið þið að gera við þá upplifun?

Formgerðarbreytingar

Við köllum það formgerðarbreytingar þegar fjölskylda tekur breytingum, til dæmis þegar fólk skilur, deyr eða fæðist. Þið nefnið að það hafi verið erfitt hjá ykkur þegar börnin fluttu að heiman en það er einmitt dæmi um breytingar sem valda öðru mynstri í formgerð fjölskyldunnar.

Formgerðarbreytingar hafa alltaf áhrif á parsambönd,

nokkuð sem þið hafið greinilega upplifað áður. Þið funduð út úr þeim breytingum sem segir mér að þið getið líka fundið út úr þeim aðstæðum sem þið eruð í núna.

Mig langar til að minna ykkur á að þið eruð ennþá í sóttkví, erfiðleikarnir standa enn yfir og þá er kannski ekki rétti tíminn til þess að taka afdrifaríkar ákvarðanir.

Þú nefnir að þið standið á endastöð, orðið hljómar svo endanlegt. Skilnaðarferli er alltaf ferli og á sér ekki stað klukkan þrjú á þriðjudegi. Það tekur alltaf tíma, rúm og aðgerðir að ganga í gegnum

slíkt, svo þó að þú upplifir þig á endastöð getur vel verið að frá henni liggi leið sem leiðir ykkur að betri og bættri líðan.

Hvað gerum við nú?

Þú spyrð mig, hvað gerum við nú? Og ég þakka þér innilega fyrir traustið, en þið farið ekki neitt úr sóttkvínni svo hvernig væri að nýta tímann, setja spilin á borðið og ræða framhaldið?

Ég get ekki sagt ykkur hver ykkar lausn verður eða hvað þið þurfið svo ég mæli heldur með að taka þann tíma sem þið eigið í sóttkví til að hugleiða hvernig ykkur líður og hvað þið þurfið til þess að líðan ykkar verði betri? Þó svo að þú „nennir þessu ekki“ þá veistu að þið getið þetta.

Reglulegar pásur

Margir halda að góð tengsl snúist um að eyða miklum tíma saman, vera alltaf sammála, stunda mikið kynlíf og leiðast út um allt. Þar eru fræðin ósammála. Öruggt tengsl snúast um að þið séu öruggt um að þið geti tjáð sig um líðan sína og þarfir og sömuleiðis öruggt um að makinn geri slíkt hið sama. Mörgum líður vel í einrúmi og þurfa að fá næði til þess að vera ein, þó að þeim líði

vel í parsambandinu. Öðrum líður vel í miklum félagsskap og þurfa að vera mikið með maka sínum eða öðru fólki svo þeim líði almennt vel.

Kannski hafið þið ekki þörf fyrir að vera alltaf saman og þessi reynsla kennt ykkur að til þess að samband ykkar gangi vel þá þurfið þið reglulegar „pásur“ frá hvort öðru? Kannski þurfið þið að vinna betur með hvernig þið styðjið hvort annað, hvernig þið biðjið um stuðning og hvað í því felst. Þá vitið þið bara.

Að lokum, þetta eru undarlegir og fordæmalausir tímar. Slíkt getur haft undarleg og fordæmalaus áhrif á parsambönd, jafnvel hin farsælustu hjónabönd. Nú andið þið inn og út, meltið þessa miklu reynslu og ræðið ykkur niður á næstu skref. Ég ætla að trúa því að COVID verði bráðum eitt það besta sem hefur komið fyrir ykkur. Gangi ykkur vel. ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: hjonabandssaela@gmail.com.

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálf-sögðu nafnlaust og í fullum trúnaði.

Næturbrot?

Glímir þú við tíð
þvaglát?



Hvannarrót er
notuð við hverskyns

- meltingarvada- málum,
- lofti í maga,
- meltingar-truflunum
- og krampa í maga.



Fæst í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum.



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Una í eldhúsinu



MYNDIR/ADSENDAR

Una Guðmundsdóttir tekur veiru- og rigningartíð með stóískri ró. Ódýr og góð súpa, kertaljós og dásamleg og haustleg bláberjakaka heldur öllum á heimilinu vel nærðum og kátum.

Bláberjakaka

Mér fannst tilvalið að deila uppskrift að æðislegri köku með bláberjum þar sem fólk fer eflaust að leggja leið sína í berjamó á næstu dögum. Mér finnst tilvalið að nota íslensku aðalbláberin í kökur eða eftirrétti.

130 g smjör, brætt
1,5 dl sykur
3 dl hveiti
1 tsk. lyftiduft
2 stk. egg

200 g grísk jógúrt frá Örn Ég nota með vanillu og jarðarberjum

1 tsk. sítrónusafi
1 msk. vanilludropar

100 g bláber Hér fer það aðeins eftir stærð berjanna og það skemmir ekkert að hafa mikið af bláberjum

Byrjið á því að stilla ofninn á 180 gráður.

Bræðið smjörið og leyfið því að kólna aðeins.

Hrærið saman egg, sykur, jógúrt, smjör, sítrónusafa og vanilludropa.

Bætið hveitinu og lyftiduftinu saman við og hrærið vel saman.

Að lokum er bláberjunum bætt út í og hrært varlega með sleif.

Smyrjið eldfast form vel að innan með smjöri eða olíu og setjið deigið í og bakið í um 35 mínútur, getur verið aðeins misjafnt eftir ofnum en stingið í miðjuna með pinna eða þrjóni og ef hann kemur þurr upp er kakan tilbúin.

Kartöflu- og fennelsúpa

1 stk. fennel
3 stk. blaðlaukur
10 stk. meðalstórar kartöflur
4 stk. lárviðarlauf
1 lítri vatn
500 ml mjólk
Salt
Pipar
2 stk. grænmetisteningar
50 g smjör
1 msk. sítrónusafi

Byrjið á því að bræða smjör í potti og saxið niður fennel, blaðlauk og kartöflur og steikið upp úr smjöriinu.

Hellið vatninu og mjólkinni saman við og leyfið að sjóða aðeins þar til grænmetið er orðið mjúkt.

Notið töfrasprota til að mauka allt í pottinum.

Hrærið vel saman og leyfið að sjóða áfram, bætið næst grænmetisteningunum saman við og sítrónusafanum.

Saltið og piprið vel og smakkið til, lárviðarlaufunum er svo bætt út í og þau látin sjóða með í um eina klukkustund.

Fjarlægjið lárviðarlaufin úr pottinum áður en súpan er borin fram, berið fram með góðu brauði eða salati svo dæmi sé tekið.





Útfararstofa Íslands

Flestir þurfa einhvern tímann að horfast í augu við dauðann. Að missa ástvin eða ættingja er eitt það erfiðasta sem við göngum í gegnum. Tilfinningar eru margvíslegar. Sorgin er eðlileg viðbrögð. Óhjákvæmilega þarf þá að huga að þeim þáttum er snúa að útför þess látna.

Spurningarnar eru margar. Þá er gott að geta leitað til aðila sem hafa þekkingu og reynslu á þeim þáttum. Við hjá Útfararstofu Íslands búum yfir þessari reynslu og höfum starfað við útfararþjónustu um árabil.



Kristín
Ingólfssdóttir

Sverrir
Einarsson

Margrét Ásta
Guðjónsdóttir

Skrifstofa Útfararstofu Íslands er til húsa í Auðbrekku 1, 200 Kópavogi.

Þar er einnig góð aðstaða sem prestar og aðstandendur geta rætt saman í næði.

Skrifstofan er opin frá 8.00 til 17.00 virka daga, en þjónusta er allan sólarhringinn og um helgar.

Sími: 581-3300 og 896-8242

www.utforin.is

Bragðmikil og fersk naan-pitsa að hætti Margrétar

Margrét Bjarnadóttir, matreiðslumaður með meiru, trúir því að ef líkaminn er í góðu jafnvægi þá leiti hann í hollan og góðan mat. Hvað ætli hún borði á venjulegum degi?

Guðrún Ósk
Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Það er í raun enginn venjulegur dagur hjá mér þessa stundina og enginn dagur eins. Ég er matreiðslumaður að mennt og vanalega fer mikill tími í vinnuna og dagarnir eru óreglulegir, en nú er ég í fæðingarorlofi," segir Margrét.

„Ég vil helst hafa marga bolta á lofti og er alltaf með eitthvert verkefni fyrir daginn. Ég ver miklum tíma með fjölskyldunni minni og þá helst yngstu systur minni sem heldur manni á tánum. Ég elska að hreyfa mig og er þá helst að lyfta og sækja tabata-tíma. Einnig hef ég mjög gaman af gönguferðum. Síðan fer seinni hluti dagsins oft í að ákveða kvöldmat, matreiða og verja tíma með fjölskyldu og vinum. Ég er mikil ugla og fer því mjög seint að sofa. Hef verið á leiðinni að hætta þeim slæma ávana síðustu 15 ár eða svo," segir Margrét.

Jafnvægi er lykillinn

Margrét fylgir engu sérstöku mataræði heldur leggur áherslu á jafnvægi. „Mér finnst best að vera skynsöm og hafa gott jafnvægi. Ég hef margoft prófað að fylgja matarþrógrammi en mér líður einfaldlega best að borða það sem mig langar í hverju sinni," segir Margrét.

„Ég trúi því að ef líkaminn er í góðu jafnvægi þá leiti maður í hollan og góðan mat. Ég reyni að borða fjölbreytta fæðu og finnst gaman að smakka nýjan mat. Ég borða líka óhollt inn á milli eins flestir og á oftast súkkulaði og Haribo Clickmix heima," segir hún.

Margrét ver töluverðum tíma í eldhúsinu og þykir langskemmtilegast að elda asíska mat og prófa nýjar uppskriftir. „Í samkomubanninu prófaði ég mig aðeins áfram í súrdeigsbakstri og hafði mjög gaman af," segir Margrét.

Uppáhaldsmáltíð

„Það er mjög erfitt að velja eina máltíð. En sú máltíð sem ég hlakka alltaf til að borða eru rjúpur á jölunum með öllu tilheyrandi – finnst þá ómissandi að hafa Waldorfsalatið hennar ömmu með, með nóg af sérrí út í." ■



Margrét Bjarnadóttir vil helst alltaf hafa nóg fyrir stafni.

MYND/ANTON BRINK

Naan-pitsa

Naan-brauð

1 tsk. sykri
½ bolli volgt vatni
2 ¼ tsk. þurrger
2 ¼ bolli hveiti
½ bolli hreint jógúrt
½ tsk. salt
1 msk. olía

Blandar í skál sykri, þurrgeri og vatni, pískar saman og geymir í 15 mínútur.

Setur hveiti á borð og býrð til holu í miðjuna. Setur jógúrtið, olíu og salt í holuna.

Bætir gerblöndunni við og blandar síðan öllu saman í höndunum.

Setjið í skál og látið hefast í klukku-tíma með viskustykki yfir skálinni.

Skerið í 6-8 bita og fletjið út í litlar kökur.

Steikið í Cast Iron potti eða pönnu (til dæmis Le Cruiset) með smá olíu.

Búið til hvítlaukssmjör og penslið naan-brauðin.

Karrý

2-3 hvítlauksgeirar
½ rauðlaukur
Kirsuberjatómatar eða 1 tómat
1 dós kjúklingabaunir
1 dós tómat-púrta
1 ferna kókosríomi (coconut cream, þessi fjólubláa frá Santa Maria)
1 kjúklingakraftsteningur
Ferskur kóríander
⅓ tsk. cayenne
1 ½ tsk. túrmerik
½ tsk. cumin
1 ½ tsk. garam masala
2 tsk. marokkósk harissa chilliblanda (Kryddhúsið)

Pressið hvítlaukinn og skerið rauðlaukinn í þunnar sneiðar.

Svitið hvítlaukinn og rauðlaukinn á pönnu ásamt smá olíu. Bætið tómat-púrtu út á pönnuna og síðan kókosríomanum.

Setjið síðan smá vatni í fernuna og bætið því einnig út á pönnuna ásamt kjúklingakrafti.

Kryddið með túrmerik, garam masala, marokkókri harissa, cumin



MYND/ADSEID

og cayenne. Smakkið til og kryddið svolítið eftir smekk.

Skolið kjúklingabaunirnar með vatni og bætið síðan út á pönnuna.

Saxið ferskan kóríander og skerið tómatu í bita og bætið við blönduna.

Að lokum

Mangó
Klettasalat (rucola)
Mozzarellaostur eða kotasæla
Ólífuolíu

Skerið mangó í þunnar sneiðar. Setjið blönduna á naan-brauðið og hyljið með þunnum mangósneiðum. Berið fram með klettasalati og ólífuolíu.

Matseðill Margrétar

Morgunmat

Þegar ég á grænan banana þá fæ ég mér hann. Annars borða ég mjög sjaldan morgunmat.

Millimál

Grænn sjeik eða hrein ABT með músli, höfrum og rúsinum.

Hádegismatur

Fæ mér mjög oft mexíkóska ommelettu og avókadó. Svo fer ég stundum út að borða í hádeginu og finnst þá gott að fá mér fisk dagsins eða eitthvað annað spennandi.

Millimál

Finnst gott að fá mér ávöxt, þá helst appelsínu eða epli. En Snickers verður líka oft fyrir valinu...

Kvöldmat

Í sumar hef ég mikið verið að grilla pitsu. Annars er ég mjög reglulega með penang karrí eða annan asíska rétt. Svo þegar ég hef lítinn tíma finnst mér gott að henda í fajitas.


JS WATCH CO. REYKJAVIK
Gennilega
Heimsins Minnsti
Úra Framleiðandi



ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.



JS Watch co.
REYKJAVIK

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com



ÓREGLULEG SUDOKU

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt gildir það sama og í öðrum sudoku að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

	7	5	6			2	3	9
		6						5
5			3					
4	6	3	8	2	1			
7								4
			2	5	4	7	6	8
					6			3
6						4		
8	4	1			3	6	7	

STAFARUGL

Leynigeturinn í síðasta stafarugli var **HVENÆR**, spurningin sem sjálfsagt allflestir spyrja sig nú um stundir. Hvenær ætlar kófinu að ljúka, hvenær kemst ég aftur í vinnu, hvenær hefst skólinn? Já, sjálfsagt er þetta eitt mest hugsaða orðið þessa dagana. Hvenær.

Og enn heldur kófið áfram og flest fólk eflaust býið að fá alveg nóg og þráir fátt eins heitt og að þessu fari nú að linna. Spurningin er bara hvenær? En hér verður ekkert um kófið né neitt því tengt, enda nauðsynlegt að geta hvílt hugann og gleyma amstri dagsins með smá

hugarleikfimi. Svo núna förum við því í einfalt ferðalag um hversdagsleikann, heimilið, út að labba með hundinn ef þið eigið einn slíkan, allt og ekkert sérstakt, þó með einni undantekningu líkt og endranær.

Svo, hér er 20 orða orðasúpa með 19 gefin upp eins og venjulega og leynigeturinn er ekki um kófið, því lofa ég, heldur orð úr hversdagsleikanum sem ég tel nokkuð öruggt að öll okkar þekkjum og gerum í hálfgerðu hugsunarleysi í dagsins amstri enda ágætt stundum að hugsa sem minnst.

miðdegislúr sjónvarp kaffilykt tölvuleikur	göngutúr skokka kvöldkaffi súkkulaðiis	frændfólk fjarlægð kattarangi biðröð	dagamma svefnró hittingur umferðaræð	farfuglar hundahald vinafólk
---	---	---	---	------------------------------------

AMERÍSK KROSSGÁTA

1	2	3	4	5		6	7	8	9	10
11						12				
13						14				
15					16					
17				18				19		
			20			21	22			
23	24	25		26	27			28	29	30
31			32					33		
34						35				
36						37				
38						39				

LÁRÉTT

- komast yfir
- spergill
- lófatak
- snjóhrúga
- hvetja
- ræðustóll
- erfðavisa
- pinni
- duttlungar
- struns
- í röð

LÓDRÉTT

- grön
- pressuger
- leikni
- plata
- herma
- lyf
- snafs
- kaupa inn
- á ný
- drabb
- í röð

LÓDRÉTT

- lespúlt
- stáss
- viðburður
- mistakast
- smáu
- samtök
- hita
- urg
- róta
- snudda
- blaður

Y B O M M T E Ú N Á Y Á A K K R G B B A U E G V O L U Y Y Í
R A X J O K Ý J T É Ó Á Á G L Ú B I J É O Ð Ý Ð O B Ð É U B
Ú B G Ð R V Ð Ý Ú F K I V Ý E T V É Ð Í H O D É L Ó É B P S
Ú M M Ó G Ð H Ó U Ð Y N Í Ó L J R T Y K Ó Ð G O H É M I É Ú
I Ð Á S U V B U M F E R Ð A R Æ Ð F X U H A U Ó Ó Í O K I K
M F B M N D J Ð Ó F Ú R J K D K Ó F F Y U Ý Í O Ð E É D Y K
K U F Ó V Ó P O K O G Ð T P L B H R Ð Ð N P G A Ú U Y Ó S U
Í F F K E T N Ý Ú G R S A M Ð Ð Y F K P D Ð É Ö Í Ú É Ú K L
Ý J F G R B E N V K V Ú P T M E O Y Ú N A K Á I N N Y O X A
Ý P Ú N Ð E R Á J N K M I S É F T E F Á H T É Y N G N Í M Ð
Ó X Ó X U P Y A Á L H Y J Ú Í T L Á D É A D O L P R U X Ú I
Ð N G Y R U Á R Ó X E R Í T P G Y A R Í L A T R G Í M T E Í
Y Á G Ð F M Ó F G N M I B G S J A H É A D H E É R U Y Í Ú S
Ó G Í M R D D Ó P B Á S I S K X M R N P P S G A I B P Y X R
Ó D F S Ó N G O L B K É O L H Y K A D X Ý D L B J N Y S B O
Y J É V Æ Y G Ú I Í R Ð M N U O D Y N Ó T G Ú U I Á X P G Y
O F F R O I E O M P L É N L M L B D F R U Í D R É Ð T X B A
Ý Ú F V L Í Ð A A Y M M Í Ó H Ý Ð E F F P A U É L P R T E Ú
J I V U É D K F P R É A O J M R L Á R N L G K D A L U Ö Ð A
J N N Ý H Ú A A G T U I Y R R Ú Ð A L Ó N H Í L T J V L Ð Á
E Ó A Á T V Y Á M I I A E M O X F Ú G I Á Ú P P B P P V S Á
V O M H E X Ð É O U G B G I Y G Ú Ý T B Ý E L I Á Ý Ú U E J
N T M É S L É E G F S E Ð B Y E G T I E L K M H Ð K E L X E
Y X I V G D G G G Ó J K L Ð X Ó I U X Í X H T J Y F R E H R
F X Ð X P T A L G Y A J G O X H I Ý H Y F G A A Ý E K I Ó L
S Í D A G Í H Ó H B O Æ O J K A T T A R A N G I V O P K R A
V Í E Y B D I Á F Á L V O F Y I X D R N Ð A G V I Ð K U A L
Ó X G H A A S E U R M I D T F P G F N P P Í D A M Ó N R Ð E
M Ó I P Á G Ú J A D I I K F R Ý T N S V Ð I Ó A É B G Á P V
Í Ó S H E V Ð J G Í G Y A A Y H D Ð R É F T Ú B G E É B Á D
L Ú L G Ð Ú F F A Ú L K V R Á S V Ý Í Ó D Ó P B O M R S T V
Y T Ú S Ó Í K D Á I D N Ú Ó D U K O R Ú Y Ú H Í Ú B A Y V B
R V R K O T A Ó F L Ó Y Í B D Ý V M Í K F Ó L Ý L K U M H É
T S Í Ú G K Ú F Ö J I Ú P Á L H O I G I L U N F E Í P T M Í
Ð Ý H B D V A V S H Ð É K S S V E F N R Ó G O U H V M Ð A A
S A R Ó I K K E R Ý R Á M O L K Y L G A Í I E R S Ó D T R É
E Á S P Ú P D O Y U U B F Í M N O M É N F Ú N Ó B Ý E M V H
R P I J D V F F R X H L E S B Ý R K E I M Ó Ú G F V P O R I
U T H G K M J S H G H Ó O G Y S T U K B U N L K F T F Ó É B
R I K O F Y K B M A F X D A Ú Ð Ú D Í A Ð Ð G K B F E T K N

GÖNGUM INN Í SUMARIÐ

Göngusérkortin með grænu röndinni sýna leiðir sem síminn þinn veit ekki einu sinni um og koma þér örugglega á áfangastað

The Breakfast Club

HVAR ERU
ÞAU NÚ?

Leikarar myndarinnar vinsælu slógu öll í gegn á hvíta tjaldinu sem unglingar. Þau héldu áfram að láta ljós sitt skína í framhaldinu, allt til dagsins í dag. Nú eru þau öll á mismunandi stað.

Sóley
Guðmundsdóttir
soley@dv.is



Kvikmyndin The Breakfast Club frá árinu 1985 hefur verið sögð ein besta kvikmynd níunda áratugarins og hefur komist á fjölda topplista. Hún komst á lista Empire-tímaritsins yfir 500 bestu kvikmyndir allra tíma og í toppsæti tímaritsins Entertainment Weekly yfir 50 bestu menntaskólamyndirnar.

The Breakfast Club fjallar um fimm nemendur sem þurfa að taka út refsingu á laugar-

degi, á bókasafni skólans, fyrir slæma hegðun. Nemendurnir koma úr ólíkum áttum og eiga fátt sameiginlegt. Þau fá það verkefni að skrifa 1.000 orða ritgerð um hvað þau haldi að þau séu. Kennarinn yfirgefur bókasafnið og athugar reglulega með nemendurna. Þau verja tímanum á allt annan hátt en þeim var ætlað og verða að lokum góðir vinir. Með aðalhlutverk í myndinni fara Emilio Estevez, Anthony Michael Hall, Judd Nelson, Ally Sheedy og Molly Ringwald. Margt hefur á daga þeirra drifið frá því að þau léku í myndinni vinsælu. ■



Þarna voru þau við upphaf leiðarinnar upp á stjörnuhimininn.

MYND/SKJÁSKOT

MOLLY RINGWALD

52 ÁRA

Í myndinni The Breakfast Club lék Ringwald prinsessuna Claire. Ári síðar lék hún í myndinni Pretty In Pink. Síðan þá hefur leikið í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta. Árið 2013 gaf Ringwald út djassplötu. Í dag fer hún með hlutverk í sjónvarpsþáttunum Riverdale þar sem hún leikur Mary Andrews, móður aðalpersónunnar Archie Andrews. Nýjasta kvikmyndin sem Ringwald leikur í er The Kissing Booth 2. Mynd númer þrjú er væntanleg og mun Ringwald einnig leika í henni. Ringwald á þrjú börn með grísk-ameríska rithöfundinum Panio Giannopoulos.



MYND/GETTY

EMILIO ESTEVEZ

58 ÁRA

Emilio Estevez er leikari, framleiðandi, leikstjóri og handritshöfundur. Á sínum yngri árum lék Emilio í fjölda kvikmynda. Undanfarið hefur hann einbeitt sér að leikstjórn. Nýjasta mynd hans, The Public, kom út árið 2018 þar sem hann var bæði handritshöfundur og leikstjóri. Emilio er sonur stórleikarans Martin Sheen og bróðir Charlie Sheen. Emilio var giftur Idol-drottningunni Paula Abdul um tíma og við skulum svo aldrei gleyma því að hann lék aðalhlutverkið í Myndinni Mighty Ducks þar sem María Ellingsen átti stórleik. Í dag er Emilio orðinn afi og bara nokkuð slakur.



MYND/GETTY

ALLY SHEEDY

58 ÁRA

Í The Breakfast Club lék Ally stelpu sem var skrítin og passaði illa inn í hópinn. Sheedy var mjög hæfileikaríkt barn, þótti efnilegur dansari og gaf út metsölubók aðeins 12 ára. Sheedy lék þó nokkuð og var um tíma kærasta Bon Jovi. Hún sagði skilið við Hollywood í kjölfar #MeToo-byltingarinnar vegna kynferðislegrar áreitni sem hún varð fyrir en hún hefur nefnt nöfn Christians Slater og James Franco í því samhengi. Hún leikur nú í minni kvikmyndum og forðast Hollywood.



MYND/GETTY



MYND/GETTY

ANTHONY MICHAEL HALL

52 ÁRA

Anthony Michael Hall varð fyrst þekktur fyrir leik sinn í myndunum The Breakfast Club og Weird Science. Í framhaldinu lék hann í fjölda mynda, þar á meðal Edward Scissorhands og Pirates of Silicon Valley. Nýjasta hlutverk hans er í myndinni Halloween Kills sem kemur út í október á næsta ári. Hall og leikkonan Lucia Oskerova trúlofuðu sig í september í fyrra.

JUDD NELSON

61 ÁRS

Eftir að hafa slegið í gegn í The Breakfast Club sem útbrunninn hasshaus hefur Judd Nelson leikið í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta. Nelson var tilnefndur til Emmy-verðlauna fyrir leik sinn í míniseríunni Billionaire Boys Club sem kom út árið 1987. Síðan þá hefur hann meðal annars leikið í CSI og Two and a Half Men. Nýjasta kvikmyndin sem Nelson leikur í er jólamyndin Santa Fake sem kom út í fyrra. Nelson hefur leikið í sjónvarpsþáttunum Empire sem hófu göngu sína árið 2015.



MYND/GETTY

SPÁÐ Í... stjörnur



LESID Í TAROT Helgi Seljan

Leitin að sannleikanum

Éftir umræður vikunnar fannst Lúnu Fírenzu spákonu tilvalið að draga spil fyrir blaðamanninn Helga Seljan og sjá hvað stjörnur segja. Helgi er er fæddur 18. janúar sem gerir hann að Steingeit.

Steingeitin hefur verið þekkt fyrir sannleiksleit sína sem kemur kannski ekki á óvart í þessu samhengi. Þeir sem eru fæddir í þessu merki eru afar metnadarfullir og tilbúnir til að leggja ýmislegt á sig til þess að ná markmiðum sínum.

Stríðsvagninn

Lykilorð: Viljastyrkur, velgengni, aðgerðir, ákveðni
„Já, herra, sendu nú gullvagninn að sækja mig...“ kemur spánni svo sem ekkert við en þetta lag kom upp í huga mér við að draga spilið. Hér er sterkur einstaklingur kominn sem grípur til aðgerða og ætlar sér að halda ótrauður áfram. Hann gefst ekki auðveldlega upp og stýrir sínum vagni sjálfur.

Fimm stafir

Lykilorð: Átök, ágreiningur, samkeppni, spenna
Það er augljós ágreiningur og ákveðið ferli í gangi. Þú ert í miðjum bardaga og þarft að hafa fyrir því að koma þínu til skila þótt aðrir muni berjast á móti því. Þetta er þó ekki ógæfuspil því það kemur hér til að láta þig vita að þessa vinna mun vera þess virði. Sumir munu reyna að taka hlutina úr samhengi, sem dregur úr áhrifum, en að lokum mun sannleikurinn skína í gegn. Hann gerir það alltaf að lokum, en þetta veistu. Spilið er aðeins áminning.

Hamingjuhjólið

Lykilorð: Velgengi, karma, lífsferill, örlög
Lífshjólið minnir þig á að hjólið er alltaf að snúast og lífið er stöðugum breytingum háð. Ef þú ert að ganga í gegnum erfiða tíma, getur þú verið viss um að lífið mun verða betra héðan í frá. Þetta spil minnir þig einnig á að horfa á meira en það sem er í gangi akkúrat núna, við getum átt það til að festast í búbbli. Sjáðu fegurðina í litlu hlutunum og ekki gleyma þér í



MYND/ANDRI MARINÓ

Skilaboð frá spákonunni

Viljastyrkur þinn mun skila sér í ríkulegri uppskeru.

drama nútímans. Mikilvægt að treysta á að kosmósið sé að hlúa að þér og að „karma“ sjái um sig sjálft. Hugleidsla er verkfærið sem þú ættir að nýta þér til þess að fá meira jafnvægi inn í líf þitt. Þú kemst ekki allt á hnefanum.



Svona eiga þau saman

Sambandið loksins opinberað

Fyrstu fregnir um samband Baltasars Kormáks, þekktasta leikstjóra landsins, og Sunnevu Ásu Weissshappel, listakonu og leikmyndahönnuðar, bárust í apríl í fyrra. Þarið tók sinn tíma til að birta fyrstu myndina af sér saman en gerði það loks á dögunum. DV lék forvitni á að vita hvernig þau eiga saman ef litið er til stjörnumerkjanna.

Baltasar er Fiskur en Sunneva er Steingeit. Það er örugglega ekki til betri leið fyrir Steingeitina að slaka á en að fara í samband með Fiski. Steingeitin er ströng, skynsöm og jarðbundin en Fiskurinn er sveigjanlegur, tilfinningaríkur og sveimhugi.

Þó að merkin séu ólík byggist samband þeirra á aðdáun. Steingeitin dáist að ljúflyndi Fisksins og Fiskurinn heillast af þrautseigju og kímni-gáfu Steingeitarinnar. Lykillinn að góðu sambandi á milli þessara merkja er hreinskilni.

Þetta samband var lengi að þróast og þau hafa tekið sér langan tíma í að sjá hvert ástin leiðir þau. Ef þarið ákveður að ganga í það heilaga getur hjónaband þeirra orðið firnasterkt. En til þess má Steingeitin ekki vera of stjörnsöm og Fiskurinn ekki of viðkvæmur. ■



MYND/DV

MYND/HANNA

Baltasar Kormákur

27. febrúar 1966

Fiskur

- Listrænn
- Gáfaður
- Blíður
- Tónelskur
- Treystir of fljótt
- Dagdreyminn

Sunneva Ása Weissshappel

18. janúar 1989

Steingeit

- Ábyrg
- Öguð
- Skipulögð
- Með mikla sjálfstjórn
- Besservisser
- Býst við hinu versta

STJÖRNUSPÁ Vikan 14.08. – 20.08.

Hvað segja stjörnur um þig þessa vikuna?

♈ Hrútur
21.03. – 19.04.

Ævintýrasækinn leiðtogi: Stundum er best að vera sammála um að vera ósammála. Ólíkar skoðanir koma upp á yfirborðið sem þarf vissulega að ræða en niðurstaðan verður ekki endilega eftir þínu höfði. Hristu það af þér og haltu áfram að vera frábæra/i þú!

♌ Vog
23.09. – 22.10.

Sjálfstæður fagurkeri: Þú innra eðli kallar hátt á þig. Þú þarft meira jafnvægi í lífið og gerir þær ráðstafanir sem þú þarft til að ná því á strik. Rútina og góður „to do“ listi mun róa hug þinn.

♎ Naut
20.04. – 20.05.

Ákveðinn rólyndispési: Stjörnur styðja þig í því að taka áhættu. Það eru jafn miklar líkur á að þú munir sigrast í þessu máli og að þú gerir það ekki. Þú verður allavega reynslunni ríkari við að stökkva á tækifærið og prófa þig áfram. Ekkert spennandi gerist án smá áhættu.

♍ Sporðdreki
23.10. – 21.11.

Orkudrifid gáfnaljós: Þú gefur öðrum svo mikla ást en nú máttu snúa þeirri ást að þér. Nýttu vikuna í sjálfsást og lækkaðu í sjálfsgagnrýnni röddinni sem er að taka yfir í hausnum á þér. Þú myndir aldrei segja það sama um aðra í sömu aðstæðum. Ekki vera þinn eigin óvinur.

♏ Tvíburar
21.05. – 21.06.

Sniðugur listamaður: Þú getur ekki gert upp hug þinn varðandi ákveðið mál. Þú átt svo sem jafn erfitt með að ákveða hvað verður í kvöldmatinn. Stjörnur segja þér að ofhugsa ekki. Gefðu þér ró til að hlusta á innsæið, þar liggur svarið!

♐ Bogmaður
22.11. – 21.12.

Gjafmildur dugnaðarforkur: Anda inn, anda út... Já, þú gerir þér fulla grein fyrir því að lífið er að kenna þér eitthvað. Þú ert til í þessa áskorun og ert óvenju bjartsýn/n miðað við aðstæður. Hlutirnir gætu verið verri er móttó vikunnar. Áfram þú!

♑ Krabbi
22.06. – 22.07.

Ástríkur verndarengill: Fleira en eitt atvinnutækifæri kemur til þín í vikunni og nú er valið þitt. Gefðu þér góðan tíma í að velja hvað starf muni veita þér bestu lífsgæðin því lífið er of stutt fyrir stress. Einnig er tækifæri til að gera kröfur, kortin eru þér hliðholl.

♒ Steingeit
22.12. – 19.01.

Metnaðarfullur humoristi: Þú þarft smá hugrekki til þess að vera fullkomlega og ófullkomlega þú. Þessa vikuna þarft þú aðeins meira pláss og það er allt í lagi! Sýndu á þér allar hliðar og hleyptu þessum tilfinningum í gegn, við elskum þig eins og þú ert!

♓ Ljón
23.07. – 22.08.

Tryggur bjartsýnismoli: Til hamingju með afmælimánuðinn þinn, kæra ljón. Í afmælisgjöf mun alheimurinn losa þig við einn slæman ávana. Þú ert einnig hvatt til þess að vera hvatvísari þegar kemur að því að velja þér starf. Við finnum að þú þarft á breytingu að halda.

♈ Vatnsberi
20.01. – 18.02.

Heimspökilegt ljóðskáld: Óvenju mikið stress hefur verið að hrjá þig og þú veist ekki alveg hvaðan það kemur, bara einhver óróleiki. Góð leið til að hrista það af þér er matarboð með þínum nánustu. Dustaðu rykið af matreiðslubókinni og hringdu í vin!

♉ Meyja
23.08. – 22.09.

Duglegur snyrtipinni: Láttu það vaða! Segðu það sem þú þarft að segja svo þú getir svo haldið áfram þinn veg. Það verður mikill léttir að fá að opna þig um ákveðið málefni sem hefur verið að ergja þig og safnast upp síðustu vikunna.

♊ Fiskur
19.02. – 20.03.

Óeingjarnar sköpunarverk: Það les enginn hugsanir, elsku Fiskur. Þú verður að vera aðeins skýrari og nákvæmari um hvað þú þarft frá þínum nánustu. Þýðir ekkert að verða bara fúll á móti út af getuleysi okkar í hugsanalestri. Æfðu raddböndin með söng!



Pálmi Rafn Pálmason býr að áralangri reynslu sem knattspyrnumaður.

MYND/ANTON BRINK

MISTÖK ERU PARTUR AF LEIKNUM

Pálmi Rafn Pálmason, leikmaður KR, hóf sinn knattspyrnuferil árið 2001 með Völsungi. Hann var í atvinnumennsku í sex ár og hefur spilað 18 leiki fyrir A-landslið Íslands. Pálmi fagnaði Íslandsmeistaratitli með KR í fyrra. Hér segir Pálmi frá nokkrum atriðum sem hafa hjálpað honum að ná góðum árangri á vellinum.

SJÖ HEILRÆÐI PÁLMA RAFNS

1 Aukaæfingin

Með því að æfa aukalega eykur maður bæði getu og sjálfstraust. Þegar ég var yngri æfði ég mikið aukalega með því bæði að fara í ræktina og styrkja mig, vera lengur úti á velli eftir æfingar og æfa sendingar, skot, fá fyrirgjafir og „slúttu“.

2 Næring

Það er mikilvægt að hugsa um hvað maður borðar til þess að vera í sem bestu líkamlegu standi. Ég borða í rauninni allt en fyrir mér snýst það líka um að borða í hófi og borða meira af því sem er hollt heldur en öfugt. Ég leyfi mér stundum að borða nammi og frekar óhollan mat. Mér finnst gos t.d. mjög gott en ég reyni að takmarka mjög hvað ég drekk af því.

3 Svefn

Ég reyni að sofa alls ekki minna en sjö tíma á nóttu, helst að ná allavega átta tímum. Börn þurfa auðvitað meiri svefn og þau ættu að venja sig á að fá svefninn sem líkami þeirra þarfnast. Líkaminn hvílist og nær endurheimt sem styrkir hann þegar maður sefur. Að sama skapi þarf heilinn í okkur svefn til að hvílast. Svefnleysi getur haft mikil áhrif á andlega heilsu og hefur til dæmis áhrif á getu til að læra og viðbragðstíma, hlutir sem eru ansi mikilvægir í flestum íþróttum allavega.

4 Markmiðasetning

Að setja sér bæði langtíma- og skammtíamarkmið. Það getur hjálpað manni að taka rétt, eitt skref í einu, í átt að toppnum. Ef maður setur sér markmið þá getur það auðveldað manni að komast á þann stað sem maður er að leitast eftir. Sem dæmi mætti nefna að ung stelpa eða strákur setur sér langtíamarkmið um að verða atvinnumaður í fótbolta. Hún/hann setur sér svo nokkur skammtíamarkmið, eitt þeirra gæti verið að ná undir ákveðnum tíma í einhverju hlaupi, annað að halda bolta á lofti ákveðið oft og svo framvegis.



5 Skynmyndun

Ég nota skynmyndun mikið. Fyrir leiki loka ég alltaf augunum og sé fyrir mér t.d. að ég sé inni í teig og boltinn er að koma til mín á mismunandi hátt. Ég reyni þá að sjá fyrir mér hvernig ég myndi afgreiða hvern bolta. Ég sé líka fyrir mér að ég sé að fá bolta til mín í erfiðum aðstæðum og vinn svo úr því hvernig ég myndi leysa þær aðstæður. Eftir leiki, þegar maður fer að sofa, er gott að hugsa út í atriði sem gerðust í leiknum. Atriði sem maður hefði getað leyst betur og hvernig maður hefði átt að gera það og líka atriði sem maður leysti vel og hvernig maður gerði það.

6 Sjálfstal

Mistök eru partur af leiknum. Ef maður verður smeykur við að gera mistök eykur maður líkurnar á að gera þau. Það er mjög algengt, ef maður t.d. á sendingu sem klikkar, að hugsa næst þegar maður er að fara að senda boltann að maður verði að passa sig að klikka ekki aftur. Það eykur líkurnar á að maður geri mistök. Gott er að hugsa alltaf þegar maður gerir mistök að þau séu partur af leiknum og maður verður að reyna sem fyrst aftur að gera sama hlutinn til að sýna sjálfum sér að maður geti gert hann betur. Maður á ekki að hugsa HVORT hlutur er að fara að takast hjá manni, maður á að hugsa að hann ER að fara að takast!

7 Aldrei verða södd/saddur

Maður á alltaf að leitast eftir því að bæta sig og aldrei halda að maður sé kominn á toppinn. Maður getur alltaf meira!



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR

á þinni leið

Suðurláun 3, 210 Garðabær

SAND KORN



MYND/ANTON BRINK

Hvað veit ég um fokking gróður?


Rapparinn Gauti Þeyr Mátsson, betur þekktur sem Emmsjé Gauti, hefur húmor fyrir flestu en virðist alls ekki vera með græna fingur. Gauti rær nú lífróður heima fyrir á meðan kærastan er erlendis. Gauta var falið að sjá um heimilislönturnar sem hann virðist vera að aflífa í rólegheitum. Hann leitaði sér aðstoðar í hóp stofublóma-áhugamanna á Facebook:

„OKAY talið við mig. Konan fór til útlanda og blómin þjást í takt við það. Ég er búinn að vökva blómin þegar moldin er þurr en samt er þessi stemning á heimilinu. Ef einhver er til í að útskýra fyrir mér eins og ég sé fimm ára hvað ég á að gera væri það vel þegið. Massíf ást á alla!“ Birtir Gauti myndir af deyjandi plöntunum. Meðlimir hópsins virðast flestir halda að um ofvökvun sé að ræða en einn þeirra bendir honum á að úr þessu sé best að hann kaupir bara nýjar plöntur daginn sem konan kemur heim.

Jovana Schally, unnusta Gauta, er líklega mjög áhættu-sækin fyrst hún treysti Gauta fyrir plöntunum þar sem skýrt kemur fram í einu vinsælasta lagi kappans að hann viti ekkert um gróður, enda sé hann alinn upp á malbiki. ■



MYND/FACEBOOK GAUTI ÞEYR



Baráttu-
kveðjur!

LOKI

Láttu drauminn um nýtt hús verða að veruleika með vandaðri byggingu frá Húseiningu

Nú er rétti tíminn til að fara í byggingarframkvæmdir og nýta sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti eins og kostur er!



Sól sumarhús 66-111m²

Sól sumarhús eru gæðahús á góðu verði, framleidd samkvæmt íslenskum stöðlum. Öll hús fást afhent á ýmsum byggingarstigum, stærð og innra skipulag í samvinnu við kaupendur. Efnispakki í milliveggi er innifalinn í verði. Verönd ekki innifalinn.

Verð aðeins 117.300 kr. pr/m² m. vsk



Smart einbýlishús 73-87m²

Smart einbýlishús með lárétrri álbáru koma bæði fullsamsett og innréttuð frá verksmiðju. Húsin eru framleidd í tvemur stærðum, 73m² og 87,5m² og koma með verönd og heitum potti. Smart einbýlishús eru hagkvæmur nútímakostur fyrir einstaklinga, fjölskyldur, verkta og leigufélög.

Verð aðeins 378.000 kr. pr/m² m. vsk



Klassik einbýlishús 100-400m²

Klassik einbýlishús með lárétrri álbáru við verksmiðjudyrd er hagkvæmur kostur. Efnispakki í milliveggi er innifalinn í verði. Lofthæð allra Klassik húsanna er 2,8m.

Verð aðeins 135.800 kr. pr/m² m. vsk



Funk einbýlishús 100-400m²

Funk húsagerðin er alltaf skemmtilegur kostur, mikil lofthæð sem er yfir 3 metrar, einbýlishús í einingum við verksmiðjudyrd er hagkvæmur kostur. Efnispakki í milliveggi er innifalinn í verði.

Verð aðeins 154.600 kr. pr/m² m. vsk

- Íslensk hönnun og framleiðsla.
- TwinWall tveggja þátta húseiningar.
- Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatímri C 18-24.
- Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.
- Timburhús eru heilnæmur íverustaður.
- Sterkari hús.
- Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.
- Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.
- Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.

Gluggar og hurðaprófilar koma frá hinu þekktu þýska fyrirtæki REHAU og eru úr PVC. Gluggarnir eru fánlegir í mörgum litum.

Sökkjar: Gerum tilboð í sökkla með öllum lögnum og hita í gólfi samkvæmt teikningu.

Reising: Gerum tilboð í reisingu á húsi á byggingarstað.



HANNAÐ OG BYGGT
FYRIR ÍSLENSKAR
AÐSTÆÐUR

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI!



Nú höfum við hafið framleiðslu á Kubbahúsum sem raða má saman á fjölbreyttan einfaldan hátt. Húsin (kubbarnir) eru framleidd inni í verksmiðju, einnar hæðar eða tveggja hæða allt eftir óskum kaupenda.




Húsin (kubbarnir) afgreiðast út úr verksmiðjunni með öllum innréttingum, gólfefnum, rafkerfi/hitakerfi og hreinlætistækjum.

Í boði eru íbúðir Kubbar (modular) frá 45-120m².



HÚSEINING

Ný lög varðandi virðisaukaskatt, nú skal á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna sem unnin er innan þess tímabils á byggingarstað.



Húseining ehf. Hraunholt 1, 190 Vogar
Söludeild: s. 770-5144 sala@huseining.is
www.huseining.is
Skrifstofan er opin mánud.- föstud.
frá 09:00-17:00

Söluskrifstofa Ármúla 21, 108 Reykjavík
Byggingameistari/Söluráðgjafi:
Sæmundur H. Sæmundsson
s. 898-2817 saemundur@huseining.is
www.huseining.is
Skrifstofan er opin mánud.- föstud. frá 10:00-15:00